

Ráðið um átta hundruð manns fyrir sumarið

Icelandair hefur ráðið 800 manns til þess að búa félagið undir sumarið en megnið eru áhafnir og starfsmenn í flugafgreiðslu. Fjöldi starfsmanna var um 1.500 í janúar en verður um 2.500 í sumar.

thorsteinn@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Icelandair hefur á síðustu mánuðum ráðið og endurráðið um 800 manns í takt við fjölgun flugferða og til þess að búa sig undir aukin umsvif í sumar. Þetta segir Elísabet Helgadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Icelandair Group.

„Þegar faraldurinn skall á fyrir rúmu ári síðan þurftum við að ráðast í sársaukafullar aðgerðir til þess að verja störf til lengri tíma lítið. Það er því mjög ánægjulegt að horfa nú til bjartari tíma og hefja ráðningar á ný,“ segir Elísabet í samtali við Markaðinn.

Spurð hver skipting starfanna sé segir Elísabet að megnið af störfunum sem ráðið var í séu framleiðslutengd flugstörf, svo sem flugáhafnir og störf í flugafgreiðslu á Keflavík-urflugvelli. „Það er mjög jákvætt að geta skapað störf á ný á Suðurnesjum þar sem atvinnuástandið hefur verið sérstaklega bagalegt.“

Þegar umsvif Icelandair Group voru í lágmarki í janúar voru starfsmenn samstæðunnar um 1.500 talsins og stöðugildin tæplega 1.300. Um leið og opnað var fyrir ferðalög bólusettra Bandaríkjamanna til landsins hóf Icelandair markaðssetningarherferð þar í landi sem skilaði sér í aukinni sölu á flugsætum.

„Við erum í sóknarhug,“ segir Elísabet og vísar til þess að flugferðum á vegum félagsins fjölgi í hverri viku. „Í þessari viku eru brottfarir

”

Við getum hins vegar gert ráð fyrir að vera með hátt í 2.500 starfsmenn í sumar ef staðan heldur áfram að batna.



Elísabet Helgadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Icelandair Group.

í millilandaflugi frá Keflavík um 50 og við sjáum fyrir okkur að vera komin upp í 100 brottfarir á viku fyrir lok júní að öllu óbreyttu.“

„Áætlanir okkar eru þó að taka stöðugum breytingum í takt við aðstæður á mörkuðum okkar, ferðatakmarkanir og framgang bólusetninga. Þetta þýðir að við þurfum að vissu leyti að leika af fingrum fram þegar kemur að ráðningum sem er nauðsynlegt í núverandi ástandi til þess að verja félagið og störfin til lengri tíma. Við getum hins vegar gert ráð fyrir að vera með hátt í 2.500 starfsmenn í sumar ef staðan heldur áfram að batna,“ segir Elísabet. ■ SJÁ MARKAÐINN

Einhliða ákvörðun um opnun var rétt

thg@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Einhliða ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að opna landið fyrir bólusettum ferðamönnum með ríkisfang utan Schengen-svæðisins var hárrétt að mati Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, ráðherra ferðamála. Vanalega hefðu ákvarðanir verið ræddar á vettvangi Schengen, en því var ekki að skipta nú.

„Þegar það lá fyrir að bólusett fólk frá Þýskalandi eða Danmörku gæti komið til landsins var langsótt að bólusettum Bretum eða Bandaríkjamönnum yrði bannað að koma til landsins. Þannig að ég og fleiri lögðum á það mikla áherslu að taka þá ákvörðun að hleypa bólusettum ríkisborgurum utan Schengen til landsins, við sjáum að það var rétt ákvörðun og mikilvæg áhersla,“ segir hún. ■ SJÁ MARKAÐINN



Harpa Hlin Þórðardóttir, eigandi veiðileyfasölnunar Iceland Outfitters, veiddi 93 sentimetra hæng er laxveiðin hófst í gær í Urriðafossi. Sporður fisksins er engin smásmiði eins og sjá má. Að sögn Einars H. Haraldssonar veiðivarðar hefur gengið vel í stangveiðinni síðan hún tók að mestu við af netaveiðinni í Urriðafossi fyrir nokkrum árum.

SJÁ SÍÐU 2

FRET TABLAÐIÐ / ANTON BRINK



Rafmögnuð nævera sem tekið verður eftir

Q4 e-tron Verð frá 5.790.000 kr.

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · www.hekla.is/audisalur



5
ÁR
GARANTÍA

Punglyndi hjá eldra fólki jókst til muna á áratug

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Rúmlega tvöfalt fleiri 55 ára og eldri voru greindir þunglyndir á heilsugæslustöð eða Læknavakt árið 2020 en árið 2011. Það er 7.340 á móti 3.454. Þetta kemur fram í skýrslu heilbrigðisráðherra um þunglyndi eldri borgara. Íbúafjöldun á sama tímabili er um 14 prósent.



7.340 voru greindir þunglyndir á heilsugæslu eða Læknavakt árið 2020.

Í skýrslunni kemur einnig fram að greiningar kvenna eru um tvöfalt fleiri en karla. Þá eru mun fleiri greindir í yngri hópnum, það er 55 til 69 ára en 70 ára og eldri. Ekki eru með í tölunum komur til sálfræðinga á stofum eða geðlækna. „Engu að siður má álykta að nokkur fjöldi þunglyndra utan stofnana fái ekki aðstoð í sínum heilsuvanda,“ segir í skýrslunni. ■

Vilja skólastarfið í heimahverfi eins fljótt og auðið er

kristinnhaukur@frettabladid.is

REYKJAVÍK Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, Samfok, lýsa yfir miklum áhyggjum af málefnum Fossvogsskóla sem lokað var vegna myglu og rakaskemmda. Viðgerðir hafi ekki dugað til að uppræta vandan og næstu skref skipti öllu máli. „Það er ljóst að það mun taka langan tíma að koma Fossvogsskóla í nothæft ástand,“ segir í yfirlýsingu Ragnheiðar Ingu Davíðsdóttur formanns og Sigríðar Bjarkar Einarsdóttur framkvæmdastjóra. „Þykir það mikil bjartsýni að það muni einungis taka eitt skólaár og ljóst að ekkert má fara úrskæðis til að það náist.“ Keyra þurfi nú börnin langa leið og ekki sé hægt að uppfylla kennsluskyldu þegar allt að 40 mínútur fari í akstur á hverjum degi. Tryggja þurfi skólastarf í heimahverfi eins fljótt og auðið er. ■

Raddböndin þanin í Ráðhúsinu



Hátt í sex hundruð börn komu saman og sungu lög eftir Aðalsteini Ásberg Sigurðsson, rithöfund og tónlistarmann, í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. Atriðið er hluti af Barnamenningarhátíðinni sem stendur yfir þessa dagana og var engan sviðsskrekk að sjá hjá krökkunum. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**

Mold sturtað yfir varp á Álftanesi

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÝRAVERND Landvernd fer fram á að Garðabær stöðvi samstundis moldarflutninga á norðanverðu Álftanesi. Verið er að gera þar nýjan golfvöll en framkvæmdirnar eru gerðar í miðju fuglavarpi. „Það er verið að sturta mold beint á hreiðrin,“ segir Auður Önnu Magnúsdóttir framkvæmdastjóri. „Fuglarnir vappa þarna um og leita að eggjum sínum og ungum.“ Hefur Landvernd óskað eftir því að Garðabær sýni fram á framkvæmdaleyfi. Ef skýringar berist ekki muni samtökin leita lögformlegra leiða til að stöðva framkvæmdirnar. ■

Hængar á höttum eftir hrygnum í Urriðafossi

Laxveiðitímabilið hófst með látum í Urriðafossi í gær. Fyrsti laxinn tók á aðeins nokkrum sekúndum. Einar H. Haraldsson veiðivörður segir stangveiði í Urriðafossi hafa gengið ótrúlega vel síðan hún leysti netaveiði að mestu af hólmi.

gar@frettabladid.is

STANGVEIÐI „Þetta var bara frábær byrjun,“ segir Einar H. Haraldsson veiðivörður um laxveiðina sem hófst í Urriðafossi í Þjórsá í gærmorgun. Leigutaki veiðisvæðisins á Urriðafossi, Stefán Sigurðsson í Iceland Outfitters, veiddi sjálfur fyrsta laxinn sem tók maðkinn nánast á auga-bragði. Harpa Hlín Þórðardóttir, meðeigandi og eiginkona Stefáns, veiddi síðan fljótlega næsta lax sem reyndist vera 93 sentimetrar hængur. Sá fékk að synda áfram sína leið eftir stutta viðkomu á bakkanum. Sumarið í ár verður aðeins fjórða sumarið sem veitt er á stöng í Urriðafossi. Áður fyrr var laxinn veiddur í net og stundaði Einar þá veiði um langa hríð sjálfur áður en hann lét búskapinn í hendur Haraldar sonar síns fyrir nokkrum árum. Reyndar veiðir Einar enn í eitt net, nokkru fyrir neðan Urriðafoss. Auk þess er veitt í net víða á öðrum jörðum við Þjórsá. „Þetta getur vel farið saman ef þetta er gert lögum samkvæmt,“ bendir hann á. Urriðafoss hefur slegið í gegn meðal stangveiðimanna og hefur verið ofarlega á listum yfir veiði á hverja stöng. „Þetta hefur gengið ótrúlega vel,“ segir Einar um stangveiðina þessi síðustu sumur. „Það hefur aukist fisk-



Stefán Sigurðsson og Harpa Hlín Þórðardóttir í Iceland Outfitters með fyrsta lax sumarsins úr Urriðafossi. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

“**Hængurinn eltir alltaf hrygnuna – það er einfaldlega lögmál lífsins að karlinn eltir alltaf kerlinguna.**



Einar H. Haraldsson, veiðivörður á Urriðafossi.

gengd í ánni sem er náttúrlega hluti af hlýnandi veðurfari og svo virðast aðstæður í ánni hafa batnað líka. Þetta er allt að hjálpast að.“ Urriðafoss er sérstaklega sterkur í veiðinni fyrri hluta sumars og eru öll veiðileyfi í júní seld. Aðspurður segir Einar að enn séu fáein veiðileyfi í júlí óseld og eitthvað í ágúst. Aðallega séu það Íslendingar sem komi til veiða. Alls veiddust níu laxar fyrir hádegi í gær. „Laxinn virðist ganga fyrir í Þjórsá en aðrar ár. Fiskur númer tvö sem var tekinn í morgun var hængur. Hængurinn eltir alltaf hrygnuna – það er einfaldlega lögmál lífsins að karlinn eltir alltaf kerlinguna. Og að það skuli vera kominn hængur svona snemma þýðir að það er kominn fiskur í ána,“ segir Einar veiðivörður. ■

Allt fyrir veisluna á einum stað

Skraut, borðbúnaður, búningar og tækjaleiga

PARTYBUDIN

FAXAFEN 11, 108 REYKJAVÍK, S. 534-0534

WWW.PARTYBUDIN.IS

NS
NÝTT

Sirius

Rjómasúkkulaði

MEÐ HINDBERJATROMPBITUM
OG SALTLAKKRÍS



TROMPAÐU SUMARIÐ!

Glæný og gegguð blanda af sívinsæla rjómasúkkulaðinu okkar með hindberjafylltum saltlakkrísbitum! Það er fátt sem Trompar þetta!

Geta ekki mætt kröfum um gæði án aukins fjármagns


arib@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Hjúkrunarheimili víða um land geta ekki mætt kröfum stjórnvalda um gæði þjónustu og mönnun. Þetta kemur fram í niðurstöðum meistararannsóknar Berglindar Steindórsdóttur hjúkrunarfræðings í framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Rannsóknin var unnin undir leiðsögn Kristínar Þórarinsdóttur og Þorbjargar Jónsdóttur og byggðist á einstaklings- og rýnihópaviðtölum við sextán hjúkrunarforstjóra og deildarstjóra á

hjúkrunarheimilum sem rekin eru með daggjöldum frá ríkinu.

„Hjúkrunarheimilin eru með samning við Sjúkratryggingar og eiga að uppfylla kröfulýsingu frá heilbrigðisráðuneytinu um gæði þjónustu og lágmarksviðmið um mönnun. Þau sjá sér ekki fært að uppfylla þessar kröfur með daggjöldunum sem þau fá,“ segir Berglind.

Alls eru 46 hjúkrunarheimili hér á landi rekin fyrir daggjöld. Í skýrslu starfshóps á vegum heilbrigðisráðuneytisins kom fram að bæta þyrfti hátt í níu milljörðum króna á ári við fjárveitingar til reksturs hjúkr-



Samkvæmt rannsókninni telja stjórnendur hjúkrunarheimila ógerlegt að mæta kröfum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

unarheimila til þess að þau stæðust kröfur. Launakostnaður hefur hækkað og má búast við áframhaldandi hækkun þar sem búist er við verulegri fjölgun einstaklinga á áttæðisaldri og eldri á næstunni.

Allir sem rætt var við í tengslum við rannsóknina voru sammála um að erfitt sé að uppfylla kröfur um gæði og öryggi þjónustu með því fjármagni sem hjúkrunarheimili hafi. Helsti vandinn er mönnun. „Þáttakendur voru sammála um að lykillinn að því að auka og tryggja gæði á hjúkrunarheimilum er að auka hlutfall faglærðra. Í dag eru

allt of fáir faglærðir við störf vegna skorts á fjármagni,“ segir Berglind.

„Daggjöldin eru ekki í takt við raunkostnað þjónustu en þau eiga að dekkja t.d. lyf, mat, laun starfsmanna og hjúkrunarvörur. Meirihluti daggjaldanna fer í launakostnað. Það eru dæmi um íbúa sem þurfa dýr lyf eða hjúkrunarvörur og þá duga daggjöldin kannski bara fyrir því. Þeir stjórnendur sem við ræddum við lýstu mikilli óvissu varðandi rekstur hjúkrunarheimila í framtíðinni. Sögðu þeir aukið fjármagn nauðsynlegt til að tryggja rekstrargrundvöll þeirra og gæði þjónustunnar.“ ■



Framleiðsla og sala íslensks nautakjöts hefur aukist síðustu ár en leið nokkuð fyrir faraldurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kjötframleiðsla aukist verulega

thorggrimur@frettabladid.is

MATVÆLI Mikill uppgangur virðist vera í íslenskri kjötframleiðslu ef marka má nýbirtar tölur frá Hagstofunni. Er þar greint frá því að framleiðsla nautakjöts hafi aukist um 21 prósent í apríl 2021 á milli ára. Þá hafi framleiðsla alifuglakjöts aukist um þrettán prósent og svínakjötsframleiðslan um átta prósent.

Þrátt fyrir það varar Höskuldur Sæmundsson, verkefnastjóri hjá Landssambandi kúabænda, við oftúlkun. „Ástæðan fyrir þessu hástökki er einföld. Í apríl í fyrra var heimsfaraldurinn rétt að byrja. Framleiðslan var því minni og það er því óvarlegt að bera saman mánuð við mánuð. Við erum að rétta úr kútnum á ný.“

Höskuldur segir að íslenska nautakjötið hafi þó verið í ákveðinni sókn áður en faraldurinn hófst. Sjáist það meðal annars á því að frá árinu 2014 til 2019 hafi sala á innlendu nautakjöti aukist jafnt og þétt en sala á innfluttu kjöti dregist saman. „Veitingamarkaðurinn er að vakna til lífsins eftir hnignunarskeið. Gæðin hafa líka verið að aukast alveg gríðarlega og við erum núna með þó nokkra bændur sem sérhæfa sig í framleiðslu á gæðanauti. Markaðurinn hefur alveg tekið eftir því enda eftirspurnin eftir íslensku grasfóðruðu nauti mikil,“ segir Höskuldur. ■

Stjórnin reynir til þrautar að koma umdeildum málum í gegnum þingið

Rúm vika er eftir af hefðbundnum þingstörfum og enn á eftir að afgreiða tæp sextíu stjórnarfrumvörp úr nefndum. Þeirra á meðal eru frumvörp um hálendisþjóðgarð, afglæpavæðingu neysluskammta, stjórnarskrármál og útlendingamál.

adalheidur@frettabladid.is

ALÞINGI Enn eru hátt í sextíu stjórnarfrumvörp til umræðu í nefndum Alþingis en starfsáætlun gerir ráð fyrir að þingstörfum ljúki 10. júní.

Óraunhæft er að gera ráð fyrir því að öll málin sem til meðferðar eru komist á leiðarenda og verði afgreidd sem lög á þessu kjörtímabili, ýmist vegna tímaskorts eða vegna ólíkra pólitískra sjónarmiða innan stjórnarmeirihlutans.

Eitt af umdeildustu málum þingvetrarins er frumvarp umhverfisráðherra um hálendisþjóðgarð. Fjölmargar umsagnir bárust og eru mjög skiptar skoðanir um það í stjórnarmeirihlutanum en efasemdir um það munu hávæstar innan Framsóknarflokksins.

Málið er enn til umræðu í umhverfis- og samgöngunefnd en Kolbeinn Óttarsson Proppé, framsögu- maður málsins, hefur enn ekki gefið upp von um að málið verði afgreitt.

„Ég hef verið að vinna að því að finna leið sem við getum staðið saman að til að uppfylla stjórnarsáttmálann að þessu leyti,“ segir Kolbeinn.

Kolbeinn er einnig framsögu- maður stjórnarskrárfrumvarps forsætisráðherra sem er til meðferðar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. „Við höfum klárað gestakomur í



Þingið hefur starfað við mjög sérstakar aðstæður tæpan helming kjörtímabilsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ég hef verið að vinna að því að finna leið sem við getum staðið saman að til að uppfylla stjórnarsáttmálann að þessu leyti.



Kolbeinn Óttarsson Proppé.

því máli og höfum verið með það til efnislegrar umræðu á nokkrum fundum. Ég hef svo óskað eftir því að menn komi efnislegum athugasemdum um málið til mín og það á eftir að koma í ljós hvernig unnt verður afgreiða það frá nefndinni.“

Færi svo að þingið nái saman um breytingar á stjórnarskrá, þarf að klára samþykkt þeirra í haust. Kveður stjórnarskráin á um að þing sé rofið og boðað til kosninga hafi frumvarp um breytingar á stjórnarskrá verið samþykkt.

Þá eru einnig nokkuð skiptar skoðanir um frumvarp heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggur heilbrigðisráðherra mikla áherslu á að klára málið enda féll það á atkvæðum í þinginu þegar Píratar lögðu það fram á þeim forsendum að eðlilegast væri að málið yrði unnið

betur af hálfu ríkisstjórnarinnar. Málið er hins vegar ekki óumdeilt í þinginu og ekki innan meirihlutans.

Að sögn Ólafs Þórs Gunnarssonar, sem heldur utan um málið í velferðarnefnd, er það enn til meðferðar þar. Það séu vissulega skiptar skoðanir um málið í nefndinni en engu að síður sé stefnt að því að nefndin afgreiði um það nefndarálit.

Birgir Ármannsson er framsögu- maður fjögurra mála í allsherjar- og menntamálanefnd. Þau varða almannavarnir, réttarstöðu brotaþola í lögum um meðferð sakamála, breytingu á áfengislögum og breytingar á útlendingalögum. „Markmiðið er auðvitað að klára þessi mál,“ segir Birgir en lætur þess þó getið að ákveðin pólitísk óvissa sé um hluta þeirra.

Aðspurður segir hann það einkum eiga við um áfengismálið og útlendingamálið. ■



Fréttavaktin er fjölbreytt fréttumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is

Fréttumfjöllun fyrir alla

kl. 18.30 á virkum dögum



H R I N G B R A U T

Viltu hætta að hrjóta?

Skoðaðu Ergosmart snjallrúmið



Ergomotion, stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. **Ergomotion** kynnir nú einstakt snjallrúm. **ERGOSMART**, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þig við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum út um heim allan til þess að þróa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.



Ergomotion kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná rétttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsufarslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

ERGOSMART hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á CES í Las Vegas.

ERGOSMART snjallrúmið er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, REM svefn og gefur heildarsvefngæðum einkunn.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni. aðeins þá er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.



App sem mælir og skráir svefngæði

- Hrotur
- Hjartslátt
- Andardrátt
- Hreyfingar
- Aðstoðar þig við að hætta að hrjóta

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Mælum gæði svefnsins
Við þurfum öll 8 tíma svefn



Tígrisdýr eru í útrýmingarhættu.

Hnepptu í hald þekktan veiðipjóf

arnartomas@frettabladid.is

BANGLADESS Veiðipjófur, sem talinn er hafa drepð um 70 tígrisdýr, hefur verið handtekinn í Bangladess. Lögreglan á svæðinu hefur verið á höttunum eftir Habib Talukder, sem er einnig þekktur sem Tigris Habib, í tuttugu ár og í þrígang gefið út tilskipun um handtöku hans.

Habib hefur játað að hafa í gegnum árin ítrekað smyglað sér í óleyfi inn í þjóðgarðinn Sundarbans, sem er á mörkum Indlands og Bangladess, og veitt þar fjölda dýra. Mörg þeirra, þar með talin tígrisdýrin, eru í útrýmingarhættu. Í tölum frá árinu 2018 voru um 113 tígrisdýr í þjóðgarðinum. ■



Enginn lést af völdum Covid-19 í Bretlandi á mánudag.

Engin dauðsföll af völdum COVID

arnartomas@frettabladid.is

BRETLAND Yfirvöld í Bretlandi tilkynntu að enginn hefði látist af völdum Covid-19 í landinu á mánudag. Það er í fyrsta skipti sem enginn lætur lífið vegna veirunnar síðan faraldurinn hófst þar í landi. Þá var daglegur fjöldi þeirra sem greindust með smit 3.165 sem er um 200 tilfellum færri en deginum áður.

Bretar afléttu nýlega mörgum sóttvarnaráðstöfunum þar sem bólusetningar höfðu gengið vel, en í dag eru blikur á lofti um að þriðja bylgja faraldursins gæti verið í upp-siglingu. Alls hafa um 4,5 milljónir greinst smituð í Bretlandi síðan faraldurinn hófst og 128 þúsund látið lífið af völdum veirunnar. ■

Unglingur barði Íslendinga en fer ekki í fangelsi

benediktboas@frettabladid.is

DÓMSMÁL Breskur dómstóll vorkenndi breskum unglingshrotta, Lewis Kelly, svo mikið á föstudag að hann slapp við fangavist fyrir hrottalega líkamsárás á tvo Íslendinga í Brighton.

Þrátt fyrir að sannað væri að Kelly hefði spreymt piparúða í andlitið á þeim og hefði veitt þeim alvarlega áverka hlustaði dómstóllinn á það hvernig uppvöxtur Kelly hefði verið og dæmdi hann í tveggja ára skil-orðsbundið fangelsi. Brjóti hann af sér aftur verður honum þó hent bak við lás og slá.

Íslendingarnir voru á gangi í Brighton árið 2019 þegar unglinga-gengi réðist að þeim með piparúða. Blinduðu þá þannig og létu högg og

spörk dynja á Íslendingunum svo annar þeirra braut augntóft. Önnur meiðsl voru ekki talin upp. Íslendingarnir vildu ekki tjá sig við Fréttablaðið þegar eftir því var leitað en þeir eiga eftir að fara út til Brighton og bera vitni.

Fyrir dómi var árásin hrottalega spiluð í öryggismyndavél og sagði saksóknarinn Tim Devlin að árásin hefði verið miskunarlaus.

„Annar þeirra reyndi að verja sig og fann hvernig högg og spörk dundu á honum, meðal annars á höfðinu. Hann hélt að þetta yrði hans síðasta,“ sagði Devlin.

Verjandinn reyndi að útskýra að uppvöxtur Kellys hefði verið erfiður og hann hefði ekki lent í neinum útistöðum við lögin eftir þessa líkamsárás. Hann væri á bótum og



Íslendingarnir slósuðust alvarlega í hrottalegri árás í Brighton árið 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

að reyna að sjá fyrir ungum syni sínum. „Hann trúir ekki að þetta sé hann á öryggismyndavélunum. Hann skammast sín því þessir menn höfðu ekkert gert af sér.“

Gengið samanstóð af fjórum til sex öðrum drengjum en Kelly var yngstur. Er dóms ekki að vænta yfir hinum ofbeldismönnum fyrr en síðar. ■

Klökk í frelsinu í Osló eftir innilokun

Osló opnaði dyr sínar á ný um helgina eftir rúmlega 200 daga í hörðum aðgerðum gegn Covid. Ingibjörg Jónasdóttir sem býr í borginni segir það dásamlegt að geta gengið um og séð fólk að nýju.

benediktboas@frettabladid.is


COVID-19 „Það var eiginlega eins og það væri verið að bjóða okkur í stærsta party í heimi. Fólk var svo ánægt. Ég gekk um Osló nánast með tårin í augunum,“ segir Ingibjörg Jónasdóttir íbúi í Osló en borgin slakaði á sóttvarnarlögum fyrir viku eftir 197 daga lokun.

„Það gerðist allt á sama tíma, sumarið kom og borgin opnaði á ný. Ég gekk hrærd um og var eiginlega búin að gleyma að það væru svona margir hérna,“ segir Ingibjörg.

Um helgina birtist svo sumarið í allri sinni dýrd með rúmlega 30 stiga hita og samkvæmt norskum fjölmiðlum voru mörg þúsund manns í görðum víða um Osló að fagna. Ingibjörg og fjölskylda þar á meðal.

„Þessir 200 dagar tóku alveg á. Alveg klárlega. Við fengum smá pásu síðasta sumar en mér fannst svo skemmtilegt að vera úti um helgina meðal fólks. Við pöntuðum borð á veitingastað bæði á laugardag og sunnudag og löbbaðum út um allt. Ég var eiginlega búin að gleyma að það væri til ungt fólk sem væri að knúsast á teppum í almenningsgördum, að borða nesti og gamalt fólk að leiðast. Þetta var eiginlega eins og að vera stödd í mínum eigin söngleik.“

Líkamsræktarstöðvar, búðir, veitingastaðir og kaffihús voru með allt í lás síðustu 200 daga. Á miðvikudag var opnað fyrir áfengissölu til kl.



Sólin tók á móti frelsuðum Norðmönnum eftir yfir 200 daga innilokun. Áfram gilda strangar reglur í Osló en Espen Nakstad, aðstoðarforstöðumaður Heilbrigðisstofnunar Noregs, hefur áhyggjur af grimuleysi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Þetta var eiginlega eins og að vera stödd í mínum eigin söngleik.“



Ingibjörg Jónasdóttir.

22.15 en allt varð að vera komið í lás kl. 23.00. Aðeins mega 50 koma saman úti en 20 inni eins og í bíó og leikhúsi. Reglurnar fyrir Osló eru þó strangari en víða um Noreg.

„Reglurnar eru tvískiptar hér, annars vegar fyrir landið allt og svo fyrir sveitarfélögin. Hér í Osló eru búin að vera flest smit í Noregi út af því að hér er flugvöllurinn og þetta er milljón manna stórborg og það er búnar að vera langströngustu reglurnar hér. En ríkis- og sveitarstjórnin eru búnar að kynna þrepaskiptingu, hvernig á að opna landið að nýju. Þetta gengur hægar en á Íslandi út af mannfjöldanum.“

Ingibjörg segir að Norðmenn eigi ekki sitt þríeyki en Espen Nakstad sé þó maður sem Norðmenn hafa

mikinn áhuga á. Sá hafi skyndilega fengið það hlutverk að tala til þjóðarinnar og orðið eins konar Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir.

„Espen er orðið andlitið hér en hann er ekki í neinum spjallþáttum eða alltaf í útvarpinu eða syngja eða gefa út lög eða neitt slíkt. Hann er allt í einu orðinn mjög þekktur út af þessu og öllum finnst hann vera öruggur og hafa mikinn áhuga á hvað hann er að gera í sínum frístundum.“

Ingibjörg segir að systir hennar sem býr á Íslandi hafi stundum verið að kvarta undan yfirgrípsmiklum aðgerðum hér á landi en það hafi hreinlega farið inn um annað og út um hitt. „Ég segi að hún hafi ekkert á mig,“ segir hún og hlær. ■

AÐALFUNDUR

Litlu Borgar ehf.,

vegna 2019 og 2020 verður haldinn í Akoges-salnum, Lágmúla 4, fimmtudaginn 10. júní n.k og hefst kl. 20:00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf skv. 13. gr. samþykpta félagsins.

Peir hluthafar sem hyggjast veita öðrum umboð til þess að fara með atkvæði sitt á fundinum, skulu veita þeim skriflegt umboð.

Með kveðju.

Stjórn Litlu Borgar ehf.
Eiríkur Hans Sigurðsson

Aukin aðsókn í ADHD lyf á Íslandi

kristinnpall@frettabladid.is

LYFJAMÁL Í nýrri skýrslu Embættis landlæknis um notkun ADHD lyfja kemur í ljós að árið 2020 var 19,4 prósentu aukning í notkun lyfjanna frá árinu áður og 152 prósentu aukning í skammtanotkun frá árinu 2011. Nam notkun lyfjanna 43 skilgreindra dagskammta á hverja 1.000 íbúa og var metýlfenidat algengasta lyfið sem var notað.

Stöðugur vöxtur hefur verið í notkun lyfjanna undanfarin tíu ár fyrir utan árið 2018 þegar samdráttur var í notkun lyfjanna á landsvísi. Um leið hefur fjöldi barna og fullorðinna á hverja 1.000 íbúa sem



Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður ADHD samtakanna.

fær að minnsta kosti eina ávísun af metýlfenidati tvöfaldast á síðustu tíu árum.

„Það má að einhverju leyti rekja þetta til aukinnar þekkingar og viðurkenningar á ADHD, bæði meðal barna og fullorðinna á seinni árunum,“ segir Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður ADHD sam-

takanna, aðspurður hvernig skýra mætti þennan vöxt undanfarin ár.

„Önnur ástæða er líklega að við höfum ekki búið mikið upp á aðrar meðferðir en lyfjameðferðir við þessu. Það á sinn þátt í því að við erum með herra hlutfall í notkun ADHD lyfja en nágrannalöndin.“

Þá kemur fram í skýrslunni að notkun ADHD lyfja er tvöfalt meiri hjá drengjum en stúlkum undir átján ára aldri og að um 15,6 prósent drengja á aldrinum 10-14 ára hafi fengið úthlutað metýlfenidati að minnsta kosti einu sinni á árinu 2020. Óverulegan mun er að finna í notkun lyfjanna meðal fullorðinna á milli kynja. ■



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

20 2020 21

EINLEIKARAR Í FREMSTU RÖÐ

FÁÐU ÞÉR SÆTI

Framundan hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands eru töfrandi tónleikar í Eldborg þar sem boðið er upp á fjölbreytta efnisskrá í flutningi okkar fremstu tónlistarmanna.

Við leggjum ávallt áherslu á ábyrgt viðburðahald og fylgjum gildandi sóttvarnareglum. Tryggðu þér sæti á sinfonia.is.

– Hlökkum til að sjá þig!

03|06
KL.20:00

Eva & Grímur

Anna Þorvaldsdóttir
CATAMORPHOSIS, frumflutningur á Íslandi

Carl Maria von Weber
Klarínettkonsert nr. 1

Richard Wagner
Tannhäuser, forleikur

Hljómsveitarstjóri **Eva Ollikainen**
Einleikari **Grímur Helgason**

10|06
KL.20:00

Una & Daníel

Þuríður Jónsdóttir
LEIKSLOK, frumflutningur

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 2

Hljómsveitarstjóri **Daníel Bjarnason**
Einleikari **Una Sveinbjarnardóttir**



Miðasala
sinfonia.is
Sími
528 5050

Efnið loforðið



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Frá því Píratar fóru að ræða nýja nálgun í vímuefnamálum fyrir tæpum áratug, hefur orðið viðhorfsbreyting í málaflóknum og náðu sjónarmið Pírata meira að segja inn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar: „Snúa þarf af braut harðra refsinga fyrir neyslu fíkniefna,“ segir þar meðal annars.

Fyrir tæpu ári síðan greiddi þingið atkvæði um frumvarp Pírata um afnám refsinga fyrir vörslu neysluskammta. Meirihlutinn felldi málið með þeim rökum að frumvarp um málið væri í vinnslu í heilbrigðisráðuneytinu og vinna þyrfti málið nánar í samráði við lögreglu og aðra sem á því kunni að hafa vitrænar skoðanir. Þingmenn stjórnarflokkanna spöruðu þó ekki stóru orðin um stuðning sinn við stefnuna, þá mannúðarnálgun að hætta að refsa veikum fólki og veita því frekar aðstoð og aðhlynningu.

„Vonandi verður hægt að koma með eitthvert frumvarp. Og ég skal styðja það, styðja þetta mál þegar það verður lagt fram, af fullum þunga,“ sagði Halla Signý Kristjánsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins. „Ég ítreka að við munum halda áfram að vinna í samræmi við stjórnarsáttmálann og draga úr refsingum vegna neyslu og efla meðferðarúræði,“ sagði Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri Grænna. „Ég fagna þeirri umræðu sem á sér stað um það mikilvæga markmið sem þetta frumvarp fjallar um, sem við erum flest hér inni sammála,“ sagði Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Svo var frumvarpið fellt.


Heilbrigðisráðherra lagði svo málið fram að nýju, á grundvelli frumvarps Pírata og úrbótum sem unnar höfðu verið á því í þinginu. Nú eru örfáir þingdagar eftir á þessu kjörtímabili og frumvarpið situr fast í nefnd. Frumvarpið sem allir sögðust myndu styðja, að Miðflokknum einum frátöldum.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er ekki aðeins lögð áhersla á mannúðlega stefnu í vímuefnamálum heldur einnig á samvinnustjórnsmál. „Efla þarf samstarf milli flokka á Alþingi,“ segir þar meðal annars og lýst er þeim vilja stjórnarflokka að nalgast verkefnin með nýjum hætti í þágu almennings í landinu. Þetta getur auðvitað aðeins verið yfirlýsing ríkisstjórnarflokka um þeirra fyrirætlan enda geta þeir ekki kúgað aðra flokka á þingi til samstarfs á grundvelli stjórnarsáttmálans.

Hins vegar er engu líkara en stjórnarandstaðan ein hafi tekið þennan kafla stjórnarsáttmálans til sín. Flestir flokkar í stjórnarandstöðu hafa verið fúsir til samvinnu og sýnt stjórninni tillitssemi við þær erfiðu aðstæður sem einkennt hafa þetta kjörtímabil. Þegar sitjandi heilbrigðisráðherra lagði fram frumvarp um neyslurými fyrr á þessu kjörtímabili studdu Píratar og fleiri flokkar hana með ráðum og dáð. Það gerðu þeir af sannfæringu og þannig á Alþingi að virka.

Það geta því ekki talist annað en svik ef málið verður látið deyja í nefnd eftir hin fögru fyrirheit sem fyrst komu fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og svo þegar málið var fellt á þingi í fyrra. Það eru svik við vímuefnaneytendur, svik við kjósendur stjórnarflokka og svik við loforð um betri og þroskaðri stjórnsmál. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Hross í oss

Uppskrúfað bréf lögmanns til Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra reyndist að vonum olía á Samherjabálið. Í umræðum á Facebook-vegg Guðmundar Andra Thorssonar alþingismanns lýsti Illugi Jökulsson bréfið „sennilega eitt það misheppnaðasta í langri bréfasögu þjóðarinnar“ og taldi þeringar vitna um valdhroka. Þá hefur eitthvað borðið á efasemdum um almenna þekkingu á úreltum þeringum en fyrir þá sem hyggja á skjótan frama í almannatengslum þá er fyrsta persóna fleirtölu: Vér, oss, oss, vor og önnur persóna fleirtölu: Þér, yður, yður, yðar.

Lítið í barm yðar

Fríðrik Jónsson byrjar bratt sem nýkjörinn formaður Bandalags háskólamanna og blandaði sér í gær í umræðuna á Facebook um afarkosti atvinnulausra. Ljóst sé að fólk er á atvinnuleysis-skrá af illri nauðsyn, fitni ekki af bótunum og missi réttindi sín hafni það atvinnutilboði án gildrar ástæðu. Hann telur eigendur ákveðinna fyrirtækja líklega þurfa að líta í eigin barm og til dæmis þurfa að spyrja sig af hverju fólk fæst ekki til starfa hjá þeim og þá hvort þeir bjóði hugsanlega óþóðleg kjör og óásættanlegar aðstæður. „Ef enginn vill vinna fyrir þig, ert þú kannski vandamálið?“ ■

Hvar var fyrirvarinn?



Mörður Árnason
áhugamaður um
islenska náttúru
og fyrirverandi
alþingismaður.

Framsókn og Sjallar eru nú að henda út hálendisþjóðgarðinum, sem var sagt eitt af helstu erindum VG í ríkisstjórn fyrir fjórum árum tæpum. Þetta kemur reyndar ekki á óvart. Því miður hafa forsætis- og umhverfisráðherra haldið klaufalega á málinu sem náttúruverndar-samtök hófu til vegs á sínum tíma og naut lengi meirihlutastuðnings þjóðarinnar.

Merkilegt samt hvernig Sigurður Ingi Jóhannsson orðar afstöðu flokks síns til málsins þegar mynduð var ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur. Í Vísí á mánudaginn segir hann „Framsóknarflokkinn hafa sett fyrirvara við málið inn í stjórnarsáttmálann ...“. Og nú sé orðið „útilokað“ að klára þjóðgarðinn fyrir kosningar. Fyrirvarar eru algengir í stjórnsmálastörfum héraðs, að minnsta kosti á þingi. Þingmenn í stjórnarþingflokki gera fyrirvara við frumvörp, sem eru þá kynntir ráðherranum, og í þingnefndum er hægt að samþykkja mál með fyrirvara, sem þá er ætlast til að sé kynntur við umræðu máls og afgreiðslu.

Hef samt aldrei heyrt um fyrirvara við stjórnarsáttmála. Og í þeim frá nóvember 2017 er enginn fyrirvari finnanlegur. Um þjóðgarðinn stendur þetta, svart á hvítu:

„Stofnaður verður þjóðgarður á miðhálandinu í samráði ...“ við hina og þessa.

Stjórnarsáttmálum er ætlað að sýna hvers má vænta af stjórninni – og það er á grundvelli þeirra sem fólkið í flokkunum samþykkir nýja ríkisstjórn – í flokksráði hjá Sjálfstæðisflokki og VG, miðstjórn í Framsóknarflokki.

Umræddur fyrirvari Framsóknar var ekki kynntur almenningi haustið 2017. Félagar og stuðningsmenn stjórnarflokka virðast ekkert hafa vitað af honum. Kannski hafa ýmsir forystumenn í flokkunum – og jafnvel þingmenn þeirra – ekki heldur vitað neitt?

Maður spyr svo í framhaldinu, af því þjóðgarðurinn var eitt af því sem VG taldi sér til tekna í þessari stjórn: Sagði formaður VG sínu fólki ekkert frá fyrirvara Framsóknar í nóvember 2017? Var stuðningur við stjórnina í þingflokki og flokksráði VG þá að þessu leyti ekki á sannferðugum forsendum? Eða var enginn fyrirvari? ■

„Það geta því ekki talist annað en svik ef málið verður látið deyja í nefnd eftir hin fögru fyrirheit.“

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU
AFMÆLSKRINGLUNNI
- fyrir 25-30 manns

Pessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austrströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

Bankavextir taka flugið á ný



Breki Karlsson
formaður Neytendasamtakanna.

Enn á ný er hafið vaxtahækkunarferli hjá bönkunum og enn á ný er engin leið fyrir venjulega lántaka að átta sig á því hvort vaxtahækkanirnar séu réttmætar. Af hverju? Jú, skilmálar lána með breytilegum vöxtum eru óskýrir og innifela einhliða huglæga mælikvarða sem ekki er hægt að sannreyna.

Þegar Seðlabankinn hóf vaxtalækkunarferli sitt í ágúst 2019, vakti athygli að það tók bankana marga mánuði að lækka lánsvexti. En nú þegar meginvextir Seðlabankans hækka eilítið, eru lánveitendur snöggir að fylgja í kjölfarið. Vissulega munu bankarnir rökstyðja mál sitt með því að benda á óljósa skilmála í lánasamningum sínum, sem þeir sjálfir hafa samið einhliða. Vandinn er að enginn getur sannreynt hvort vaxtabreytingarnar séu réttmætar, sanngjarnar og tímaþærar. Og þar stendur hnífurinn í kúnni.



Nú er farið af stað vaxtahækkunarskeið og því afar mikilvægt að fá úr því skorið hvað ræður vaxtaákvörðunum og að þær verði sannreynanlegar.

Eins og komið hefur fram telja Neytendasamtökin skilmála um breytilega vexti og ákvarðanir um vaxtastig lána ekki standast lög. Neytendasamtökin hafa í á annað ár krafist þess að bankarnir lagfærðu skilmála sína og leiðréttu hlut þeirra lántaka sem hallað hefur verið á með vaxtaákvörðunum sem standast ekki ákvæði laga, en bankarnir hafa jafnharðan hafnað því. Þess vegna hafa samtökin ýtt úr vör átaki með það fyrir augum að knýja bankana til að fara að lögum. Á vaxtamalid.is stendur einmitt yfir leit að lántökum sem vilja fara með mál sín fyrir dóm. Máli sínu til stuðnings hafa samtökin bent á fjölda úrskurða og dóma sem fallið hafa á undanförnum árum.

Jafnframt eru lántakar hvattir til að bregðast fljótt við, verja rétt sinn og gera endurkröfu á hendur lánveitendum. En Neytendasamtökin telja líklegt að oftaka bankanna geti numið 15 til 45 milljörðum króna. Þó það séu stjarnfræðilegar upphæðir, má til samanburðar geta að hagnaður stóru bankanna þriggja nam rúmum 17 milljörðum króna á einungis fyrsta ársfjórðungi ársins.

Vaxtamálið varpar skýru ljósi á þann aðstöðumun sem neytendur búa gjarnan við. Fyrirtæki sem búa yfir yfirburðar fjárhagsstöðu og þekkingu gera neytendum að samþykka einhliða og ósanngjarna skilmála. Neytendur eru ekki í aðstöðu til að bera hönd fyrir höfuð sér. Það er grundvallaratriði að samtök neytenda hafi styrk til að sækja mál fyrir dómstólum og geti sótt mál sem varða almannahagsmuni, eða tekið til varna þegar svo ber undir. Sundraðir hagsmunir eru léttvægir, en sameinaðir eru þeir kraftmikið hreyfiafl sem knýr

fram jákvæðar breytingar, eins og dæmin sanna.

Því er ákaflega mikilvægt að neytendur standi saman og sýni með öyggjandi hætti að þeir séu reiðubúnir að sækja rétt sinn, og tryggja að afgerandi niðurstaða fái st. Enginn kostnaður fylgir því að taka þátt, einungis mögulegur ávinningur, sem getur numið umtalsverðum upphæðum. Nú er farið af stað vaxtahækkunarskeið og því afar mikilvægt að fá úr því skorið hvað



ræður vaxtaákvörðunum og að þær verði sannreynanlegar. Mikilvægt er að bregðast strax við til að slíta fyrningu, því annars getur hluti eða öll krafan tapast en ekki síður til að eiga rétt á dráttarvöxtum, en þeir reiknast frá þeim degi sem þú gerir endurkröfu á hendur lánveitanda.

Sækjum rétt okkar og knýjum þannig fram breytingar sem gagnast öllum lántökum í nútíð og framtíð. Skráum okkur til þátttöku á vaxtamálið.is. ■

HUGSAÐU VEL UM TANNHEILSUNA



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætufrétt í tyggigúmmi

Andrea Rán aftur til Bandaríkjanna

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Landsliðskonan Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir var í gær kynnt sem nýjasti liðsmaður Houston Dash sem leikur í NWSL-deildinni í Bandaríkjunum. Með því verður Andrea Rán þriðji Íslendingurinn til að leika í NWSL-deildinni frá stofnun hennar og um leið snýr Andrea Rán aftur til Bandaríkjanna eftir að hafa leikið í þrjú ár fyrir háskólalið USF.

Andrea sem var í gær valin í íslenska landsliðshópinn fyrir næstu tvo æfingaleiki á að baki 127 leiki fyrir uppeldisfélag sitt, Breiðablik, í efstu deild á Íslandi. Hún lék með Le Havre í frönsku deildinni á þessu tímabili á láni frá Breiðabliki.

Í NWSL-deildinni gæti Andrea mætt Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur þegar Houston Dash mætir Orlando Pride en áður hefur Dagný Brynjarsdóttir leikið í Bandaríkjunum. ■



Strákarnir okkar fagna gegn Mexíkó.

Stoltir að taka þátt í vígsluleik

hjoarvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu undirbyr sig nú undir annan leik sinn í landsleikjagluggnum sem nú stendur yfir. Ísland sækir Færeyinga heim í vígsluleik á nýjum velli Færeyinga á föstudaginn.

Birkir Már Sævarsson, sem skoraði mark Íslands í 2-1 tapinu gegn Mexíkó um síðustu helgi, fer ekki með til Færeyja. Arnar Þór Viðarsson bar hins vegar góðar fréttir af Aroni Einar sem fór meiddur af velli.

„Aron Einar æfði af krafti og ég býst við að hann verði leikfær á föstudaginn. Það er mikilvægt fyrir leikmenn eins og Ísak Bergmann að hafa reynslumikla leikmenn á borð við Aron Einar og Birki í sínum fyrstu skrefum á landsliðsferlinum,“ sagði Arnar Þór og skaut á íslensk stjórnvöld í léttum tóni.

„Við erum stoltir af því að fá að taka þátt í vígsluleik Færeyinga. Vonandi fer svo röðin að koma að okkur að geta boðið einhverjum til okkar á endurbættan völl.“ ■

Katrín Tinna til liðs við Volda

hjoarvaro@frettabladid.is

HANDBOLTI Katrín Tinna Jensdóttir, sem leikið hefur með kvennaliði Stjórnnunnar í handbolta undanfarin ár, hefur skrifað undir tveggja ára samning við norska félagið Volda.

Katrín Tinna, sem er fædd árið 2002, er uppalin hjá Fylki, en tengingar Volda við Árbæjarfélagið liggja bæði í gegnum þjálfara liðsins, Halldór Stefán Haraldsson, og Theu Imani Sturludóttur sem lék um skeið með liðinu.

„Katrín er hávaxinn línumaður og öflugur varnarmaður. Þetta er leikmaður sem hefur spilað með yngri landsliðum Íslands og fengið tækifæri í leikmannahópi A-landsliðsins,“ segir Halldór Stefán. ■

Í frábæru liði á svæði sem er mér kært

Lífið leikur við Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur í Flórída þessa dagana en henni liður eins og heima hjá sér á þessum stað í Bandaríkjunum. Þá skemmir alls ekki fyrir að liði hennar, Orlando Pride, gengur afar vel þessa stundina.

hjoarvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir fer vel af stað með liði sínu Orlando Pride í bandarísku úrvalsdeildinni í fótbolta kvenna. Liðið er taplaust í fyrstu fjórum leikjum sínum í deildinni og trónir á toppi deildarinnar með 10 stig.

Gunnhildur Yrsa unnið hag sínum vel í Orlando bæði innan vallar sem utan en hún á sterkar tengingar við Flórída-svæðið allt frá barnæsku. Landsliðskonan er fastamaður í gríðarlega sterku liði Orlando Pride en hún segir liðið vera það besta sem hún hafi spilað með, gæðalega, á ferlinum.

„Þetta fer vel af stað og við erum búin að leggja að velli tvö af þeim liðum sem eru fyrir fram talin með þeim sterkustu í deildinni í ár þannig að þetta lítur bara vel út.

Liðinu hefur ekki gengið vel undanfarin ár þrátt fyrir að vera með sterka leikmenn og það er mikil stemning á svæðinu og ánægja með gott gengi,“ segir Gunnhildur Yrsa um upphaf tímabilsins.

„Þetta er lið sem er stútfullt af gæðum og alveg pottþétt það besta sem ég hef spilað með hvað fótboltagæði varðar. Síðasta ár var mjög skrítið vegna kórónuveirufaraldursins.

Þannig að þrátt fyrir að einhverjir leikmenn, eins og Marta til dæmis, hafi verið hérna í fimm ár þá er þetta svolítið nýtt lið sem er að spila sig saman og mér finnst við vera að bæta okkur leik frá leik. Það eru mjög sterk lið í þessari deild og hún er jafnari en hún hefur verið áður held ég.

Félögin eru að leggja mikið í þetta og það er frábær umgjörð hérna bæði hvað æfingaaðstöðu, allt utan-



Gunnhildur Yrsa, hér við hlið hinar brasilísku Mörtu fyrir leik með Orlando Pride. Marta hefur um árabíl þótt ein besta knattspyrnukona heims og hefur sex sinnum verið valin besta knattspyrnukona heims. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

”

Ég hef yfir engu að kvarta nema kannski því að hafa þurft að spila þrjá leiki síðustu vikuna. Það tekur á skrokkinn og þessi leikjatörn minnir mig hættulega mikið á að ég er ekki að yngjast.

Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir.

umhald og leiki varðar. Ég hef yfir engu að kvarta nema kannski því að hafa þurft að spila þrjá leiki síðustu vikuna.

Það tekur á skrokkinn og þessi leikjatörn minnir mig hættulega mikið á að ég er ekki að yngjast,“ segir hún um fyrsta hálfu árið hjá nýju liði.

Er í sinni uppáhaldsstöðu

Gunnhildur Yrsa hefur spilað alla deildarleiki Orlando Pride til þessa en hún segist vera hugsuð helst sem aftasti miðjumaður en leysi líka af í hægri bakverðinum í hjáverkum ef svo ber undir.

„Það er líka geggjað að búa í Orlando en ég hef sterkar tengingar við Flórída en foreldrar mínir bjuggu hérna með fimm yngri systkinum

mínun. Svo býr systir mín hérna og fjölskyldan á ennþá hús hérna. Mamma kemur síðan reglulega hingað út af vinnu. Þannig að fjölskyldan á sterkar rætur hér og ég hef vanalega komið hingað í fri þegar tækifæri gefst,“ segir Gunnhildur Yrsa.

„Svo er ég í liði með kærustunni minni, Erin Katrina McLeod, þannig að lífið gæti bara vart verið betra. Nú kemur blessunarlega smá pásu þannig að ég næ að endurheimta aðeins og hvíla lúin bein.

Það eru gríðarlegir íþróttamenn í þessari deild, mikil hlaupageta og áhersla á að hlaupa mikið í leikjum. Þetta rífur í en er um leið ofboðslega gaman,“ segir Gunnhildur en næsti leikur Orlando Pride er við Washington Spirit á sunnudaginn kemur. ■

Mjög mikill heiður að vera komin í þennan hóp

hjoarvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Þorsteinn H. Halldórsson, þjálfari A-landsliðs kvenna í fótbolta og þjálfarateymi hans, tilkynntu í gær hvaða 23 leikmenn munu mynda hóp íslenska liðsins í tveimur vináttuleikjum gegn Írlandi. Leikirnir fara báðir fram á Laugardalsvelli 11. og 15. júní.

Þetta eru síðustu æfingaleikir íslenska liðsins áður en undankeppni HM hefst í haust með heimsókn Hollands til Íslands. Líkt og í æfingarleikjunum gegn Ítalíu á dögnum er Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirliði kvennalandsliðsins fjarverandi en hún á von á barni í lok þessa árs.

Tveir leikmenn eru í hópnum að þessu sinni sem hafa ekki áður leikið landsleik. Það eru þær Auður Sveinbjörnsdóttir Scheving, markvörður ÍBV, og Kristín Dís Árnadóttir, varnarmaður Breiðabliks.

„Ég er mjög stolt af því að vera komin í hópinn hjá A-landsliðinu. Ég hef spilað með U-19 ára landsliðinu og var í æfingahópi hjá A-landsliðinu í vetur þannig að ég átti alveg eins von á þessu.

Ég var samt ekkert viss um að kallið kæmi að þessu sinni en þetta



Alexandra Jóhannsdóttir er á sínum stað í hópi Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

er mikill heiður. Ég er mjög spennt fyrir komandi landsliðsverkefni og það verður mjög gaman og lærdómsríkt að mæta á æfingar með þessum reynslumiklu og frábæru leikmönnum,“ segir Auður um landsliðsvalið.

„Það eru leikmenn þarna sem ég hef verið að æfa og spilað með í Val, hef æft og leikið með í yngri lands-

liðunum og svo einhverjar sem ég þekki minna. Þetta leggst mjög vel í mig,“ segir hún.

Ég hef verið ánægð með frammi- stöðu mína í sumar með ÍBV og eftir eitt tímabil þar er ég orðin mikil Eyjakona. Við höfum viljað vera með fleiri stig en frammi- staðan hefur heilt yfir verið mjög fín,“ segir Auður sem hefur spilað

”

Ég hef verið mjög ánægð með frammi- stöðu mína í sumar með ÍBV og eftir eitt tímabil þar er ég orðin mikil Eyjakona.



Auður Sveinbjörnsdóttir Scheving.

með ÍBV undanfarin tvö tímabil.

Á hinum endanum er svo Hallbera Guðný Gísladóttir, leikmaður AIK, reynslumesti leikmaður hópsins með 118 landsleiki. Hallbera mun nálgast leikjafölda Margrétar Láru Viðarsdóttur, fyrrverandi liðsfélaga síns hjá Val og landsliðinu með þátttöku sinni í komandi leikjum. ■

„Ég kem með bátnum“

Brandenburg 134

Ný Ferðagjöf gildir út september
Sæktu þína gjöf á Ísland.is og komdu
með í ferðalag um landið okkar í sumar!

ÍSLAND
**KOMDU
MEÐ**



Hanna Dóra og Snorri Sigfús lofa nýjungum.

Klassík í kvöld í Vatnsmýrinni

gun@frettabladid.is

Steinalög nefnast tónleikar í Norræna húsinu í kvöld, miðvikudag. Þar ætla þau Hanna Dóra Sturludóttir mezzósópran að syngja og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari að spila.

„Við Snorri erum með ýmislegt sem ekki hefur heyrst áður,“ segir Hanna Dóra spennt og nefnir lag eftir Hjalmar H. Ragnarsson við ljód eftir Njörð P. Njarðvík og nýja útgáfu af sönglögum eftir Hafliða Hallgrímsson, Five Poems. „Steinalögin hans Hauks Tómassonar við þrjú kvæði eftir Sjón hafa verið flutt áður en ekki í þessari útsetningu. Svo er eitt sólóverk fyrir söngvarann og ég mun túlka það með fjölbreyttum hætti,“ lofar hún. „Það er Sequenza III eftir Luciano Berio sem hefur sjaldan verið flutt á Íslandi.“

Auk þessa nefnir Hanna Dóra A Charm of Lullabies eftir Benjamin Britten og þjóðlagaútsetningar eftir Snorra Sigfús úr lagaflokknum Niu lög að vestan. „Þannig að þetta er spennandi efnisskrá sem er um margt öðruvísi en á hefðbundnum ljóðatónleikum,“ bendir hún á.

Um er að ræða síðasta viðburð vetrarins í tónleikaröðinni Klassík í Vatnsmýrinni. Hann hefst klukkan 20. ■

Er afar þakklát fyrir mitt líf

Guðrún Agnarsdóttir læknir, veirufræðingur, alþingismaður og fyrrverandi forsetaframbjóðandi, er áttæð í dag og fagnar því í góðum hópi barna, tengda- og barnabarna.

gun@frettabladid.is

„Mig hefði aldrei grunað að ég gæti orðið svona gömul án þess að finnast ég gömul – en þannig er það örugglega með marga,“ segir Guðrún Agnarsdóttir læknir glaðlega þegar minnst er á áttæðisafmælið sem er í dag. Sumt af fólkinu hennar er komið frá London til að vera með henni. „En það fólk er allt bólusett,“ tekur hún fram og neitar því ekki að hafa haft áhyggjur af því í faraldrinum. „Dóttir mín er kennari og líka dóttir hennar og þær smituðust en fengu samt sprautur því Bretar skima ekkert.“ Sjálf segist Guðrún komin með fulla bólusetningu og vera þakklát fyrir hvað Íslendingar tóku kófið föstum tökum. „Þetta getum við svo vel þegar eitthvað bjatar á – að risa upp og standa saman. Það er ómetanlegt.“

”
Eftir á að hyggja er ég alveg sátt við að hafa ekki komist að sem forseti.



Guðrún er með græna fingur eins og glögggt má sjá á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sextug á Hnjúkinn

Guðrún kveðst hafa alið aldur sinn í Reykjavík ef frá er talinn stuttur tími sem hún og maður hennar, Helgi Þröstur Valdimarsson, síðar prófessor við HÍ, voru á Hvammstanga við læknisstörf og svo þrettán ár í London í sérnámi og vinnu. „Já, við Helgi kynntumst í læknadeildinni,“ segir hún aðspurð. „Hann var á undan mér, alltaf fimm árum eldri og lést 2018.“ Hún kveðst þó ekki búa ein núna. „Dóttursonur minn er hjá mér. Hann er fæddur og uppalinn í London en er að vinna við rannsóknir í Íslenskri erfðagreiningu með syni mínum. Við Helgi eignuðumst þrjú börn og svo á ég tvo stjúpsyni. Þetta er allt fólk sem hefur eignast góða maka, börn og buru og það eru komin langafabörn.“

Þegar Guðrún var í Háskóla Íslands voru bara 5 prósent læknanemanna stúlkur, að hennar sögn. „Það hefur gerbreyst,“ segir hún og rifjar upp að á þeim árum hafi læknanemar verið sendir í sláturskoðun á haustin og hún hafi lent austur á Fagurhólsmýri. „Þar blasti tignarlegur Öræfajökull við og á hann gekk ég, með hópi fólks, daginn sem ég varð sextug sem bar upp á hvítasunnudag. Það er eftirminnilegt. Okkur gekk vel upp að Dyrhamri en þar fór að snjóa. Við héldum samt áfram, vorum í línu og það voru höggvin þrep í Hnjúkinn þannig að við komumst upp en sáum ekkert kringum okkur. Svo ég fór aftur nokkrum árum seinna með samstarfsfólki mínu á Keldum og þá fékk ég útsýnið.“

Kynntist landi og þjóð

Guðrún hefur víða lagt hönd á plóg á starfsferlinum, sat meðal annars á þingi í nokkur ár fyrir Samtök um kvennalista. „Eftir að fyrsta þingmál okkar var samþykkt um rannsóknir og úrbætur á meðferð nauðgunarmála sat ég í nefnd sem skipuð var í kjölfarið og var síðan beðin að gera tillögur að stofnun Neyðarmóttöku sem ég vann við í nokkur ár. Það var verðmæt reynsla að taka þátt í því með frábæru fólki. Ég hef verið afskaplega heppin að fá að prófa ýmislegt um ævina, þó ég hafi ekkert ætlað mér það. Ég minntist á Keldur áðan, rannsóknarstöðin þar var einstök



Hér er Guðrún með Kvennalistakonum 1987, önnur frá hægri. Hinar eru: Elin G. Ólafsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Magdalena Schram og Málmfríður Sigurðardóttir.

MYND/ADSEND

Guðrún hefur setið í:

- Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins
- Almennavarnanefnd Reykjavíkur
- Öryggismálanefnd sjómanna
- Vinnuhópi um heilbrigðismál
- Nauðgunarmálanefnd
- Tryggingaráði
- Framkvæmdastjórn Krabbameinsfélags Íslands
- Vinnueftirliti ríkisins
- Undirbúningsnefnd alþjóðlegrar kvennaráðstefnu
- Landsnefnd um alnæmi
- Stjórn Læknafélags Íslands
- Norræna vísindastefnuráðinu
- Félagi fyrrverandi alþingismanna

menningarstofnun og gaman að vinna þar með merkilegum mannskap. Sömuleiðis starfaði ég lengi í Krabbameinsfélaginu, líka í góðum hópi.“

Nú nýtur Guðrún bóklesturs, tónlistar, garðyrkju og hreyfingar, auk félagsskapar við vini og fjölskyldu og kveðst hafa margt að sýsla. En er hún ekki skúffuð að hafa ekki orðið forseti 1994? „Ekki get ég nú sagt það. Eftir á að hyggja er ég alveg sátt við að hafa ekki komist að sem forseti en ég hefði ekki viljað missa af þeirri reynslu að fara um landið og kynna fólk. Það gerðum við líka á vegum Kvennalistans, fórum á sumrin inn á vinnustaði og ræddum við fólk um kjör þess og liðan, óskir og vonir. Þetta er aðgangur að þjóðinni sem veitir manni vitneskju um í hvaða landi maður býr og hvað má betur fara. Þannig að ég er afar þakklát fyrir mitt líf og finnst ég hafa verið gæfusöm.“ ■



Elskulegur eigenmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Marias H. Guðmundsson

er látinn.

Jarðarför verður auglýst síðar.

Halla Magnúsdóttir

Jakob Mariasson
Guðrún Ósk Mariasdóttir
Auður Ása Mariasdóttir
og barnabörn.

Arléne Lucianaz
Árni Björn Kristjánsson
Ingvar Birgisson
og barnabörn.



Elskulegur eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorbergur Kristinsson

prentari og útlitsteiknari,

lést 27.05.2021 á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Útför fer fram í kirkju Óháða safnaðarins við Háteigsveg 56 í Reykjavík 7. júní kl. 15.00.

Sigrún Gróa Jónsdóttir
Kristinn Þorbergsson
Jón Sævar Þorbergsson
Snorri Goði Þorbergsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín Anna Ólafsdóttir
Rannveig Einarsdóttir
Nanna Gísladóttir Wium



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hrafnhildur Svava Guðmundsdóttir

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut 15. maí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Bergþóra Andrésdóttir
Örn Viðar Andrésdóttir
Elisabet María Andrésdóttir
Kolbrún Andrésdóttir



Á Saltkráku var alltaf skemmtilegt.

Svíar gagnrýna nýja Saltkráku

elin@frettabladid.is

Þeir sem eru komnir vel yfir miðjan aldur muna vel eftir sjónvarpsþáttunum um lífið á Saltkráku, lítilli eyju í sænska Skerjagarðinum. Þættirnir voru teknir upp árið 1964. Í þeim var alltaf gott veður og uppátæki barnanna ásamt ævintýrum settu skemmtilegan svip á lífið þar. Stína og hundurinn Bátsmaður léku þar stórt hlutverk.

Nú ætla sænska sjónvarpið að endurgera Saltkrákuna og færa nær nútímanum. Hlutskipti kynjanna þykir gamaldags í þáttunum. Sú ákvörðun hefur hlotið mikla gagnrýni í Svíþjóð. Astrid Lindgren er höfundurinn en hún byggði söguna á eigin lífi.

Blaðamaður Expressen harmar þessa ákvörðun og segir minningar um Saltkrákuna, eins og hún var gerð á sínum tíma, lifa sterkt í hugum Svía með þeim leikurum sem voru í aðalhlutverkum á sínum tíma. „Sænska sjónvarpið á að halda sænska fánanum á lofti gegn popúlistum og tröllum sem telja rétttrúnað aðalatriðið í nútíma samfélagi. Það var einmitt í gegnum sjónvarpið sem við fengum að kynna Ingmar Bergman, Astrid Lindgren og fleiri höfundum sem tengjast sameiginlegum minningum okkar.“

Minning frá æskunni

Saltkrákan var tekin upp í Norr-öra. Húsið þar sem fjölskyldan dvaldi stendur enn. „Ég held að Saltkrákan minni marga á hamingjusama æsku. Það snertir mig hversu miklar tilfinningar fylgja þáttunum,“ segir Louise Edlind Friberg sem lék Malin í þáttunum. ■

B-Complex – munnúði

Meira magn - Miklu betra verð!



Fæst í völdum apótekum, Hagkaup og Fjarðarkaup



Ólafía Kvaran hjúkrunarfræðingur ákvað að byrja að taka inn AstaSkin vegna innihaldsefnanna, sem hún hafði heyrt að væru góð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Húðin á mér er orðin miklu sterkari en áður

Ólafía Kvaran hefur lengi tekið inn AstaSkin frá KeyNatura og árangurinn hefur komið henni á óvart. Hún var oft með sprungnar hendur vegna vinnu en núna eru þær mýkri og húðin öll frísklegri og er loksins farin að taka lit. **2**

Ólafía er í áskrift að vörum frá KeyNatura og hefur verið það í nokkur ár. Upphaflega ákvað hún að prófa vörurnar vegna þess að þær innihalda astaxanthin. Efni sem þörungar framleiða og rannsóknir hafa sýnt að hafa jákvæð áhrif á húð.

„Ég hafði heyrt að astaxanthin hefði góð áhrif á húðina, hjarta, æðakerfið og ónæmiskerfið, það var það sem heillaði mig fyrst. Ég tók fyrst inn Astaxanthin frá KeyNatura en svo skipti ég yfir í AstaSkin þar sem það inniheldur astaxanthin plús seramið, kollagen og vítamín. Ég fann mjög fljótlega gríðarlegan mun á húðinni á mér. Ég var oft að glíma við þurrkbletti í andlitinu og var þurr á kroppnum og fótleggjunum, það er bara alveg horfið,“ segir Ólafía.

Ólafía starfar á skurðstofu sem hjúkrunarfræðingur en vegna starfsins þarf hún að þvo og skrúbba hendurnar og spritta mörgum sinnum á dag. Hún var því oft að glíma við sprungna húð á hnúunum.

„Það er ekki vandamál lengur, en það skiptir mig miklu máli sem hjúkrunarfræðingur að vera ekki með sár á höndunum,“ segir hún.

„Ég er mikið í alls konar útivist og hleyp reglulega og mér finnst AstaSkin verja og eða styrkja húðina fyrir sól og kulda. Áður varð ég rauð og bleik eftir útivist og sólina en núna verð ég útitekin og verð meira að segja brún. Ég er venjulega með það ljósa húð að fólk sem sér mig núna verður hissa og segist aldrei hafa séð mig brúna. Mér finnst húðin á mér vera miklu sterkari og hafa meiri ljóma en áður og þola útivistina betur.

Nærir húðina innan frá

Ólafía tekur inn tvö hylki á dag af AstaSkin og skammturinn sem hún fær sendan heim til sín dugar því í mánuð.

„Þessi áskriftarleið er tiltölulega ný hjá þeim. En hún er mjög sniðug og umhverfisvæn. Ég fæ þá ekki senda nýja dollu í hvert sinn heldur bara áfyllingu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að nota ekki einungis krem heldur næra húðina líka innan frá. Ég trúi því að það sem maður borðar og drekkur skipti miklu máli fyrir almenna hreysti og sjáist á húðinni. Maður þarf að hugsa vel um sig, ekki síst húðina því hún er jú stærsta líffærið,“ segir hún.

Ólafía notar líka AstaEnergy frá KeyNatura fyrir æfingar. „Ég tek það að vísu ekki inn ef ég æfi seinni partinn af því það er koffín í því og það truflar svefninn minn að fá koffín í kroppinn eftir hádegi. En AstaEnergy hefur virkað vel fyrir mig finnst mér. Það flytir fyrir



Ólafía er mjög ánægð með AstaSkin, en eftir að hún byrjaði að taka hylkin inn finnur hún mikinn mun á húðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Páll er rannsókn- og þróunarstjóri hjá SagaNatura og hefur meðal annars unnið við að þróa AstaSkin svo varan hafi góð áhrif á húðina.

MYND/ADSEND



AstaSkin inniheldur náttúruleg efni sem hafa staðfesta virkni á húð.

endurheimt og gefur auka orku og úthald á æfingu.“

Ólafía hafði notað astaxanthin frá erlendum framleiðanda áður en það var framleitt hér.

„Þegar ég byrjaði á því þá var Astaxanthin ekki byrjað í framleiðslu á Íslandi, en ég skipti svo yfir í vörurnar frá KeyNatura þegar byrjað var að framleiða þær. Ég bý í Hafnarfirði og fyrirtækið er þar og ég vildi styrkja íslenska framleiðslu. Mér finnst vörurnar frá þeim líka miklu öflugri og húðin á mér er bara allt önnur en hún var.“

AstaSkin hylkin eru unnin úr íslenskum smáþörungum

Páll Arnar Hauksson er rannsókn- og þróunarstjóri hjá SagaNatura sem framleiðir KeyNatura vörurnar. Hann hefur meðal annars unnið við að þróa AstaSkin.

„Grunnurinn að vörunni er astaxanthin. Það hefur marga þekhta eiginleika sem hafa áhrif á heilsu húðarinnar. Það helsta sem má nefna er vernd gegn útfjölu-bláum geislum, hrukkur verða grynri og það getur komið í veg fyrir myndun á öldrunarblettum,“ segir Páll.

Astaxanthinið í AstaSkin kemur frá smáþörungum sem ræktaðir eru í Hafnarfirði í sérstökum

innanhússræktunareiningum. Smáþörungar í náttúrunni framleiða astaxanthin til að verja sig gegn óæskilegum áhrifum sólarinnar. Smáþörungarnir sem SagaNatura ræktar eru látnir framleiða astaxanthin með því að lýsa á þá með raflýsingu.

„Þegar smáþörungarnir verða fyrir ljósálagi þá hefst náttúrulegt ferli. Þörungarnir fara í dvalaástand og mynda um leið astaxanthin. Þörungarnir geta svo snúið aftur úr þessu ástandi ef aðstæðurnar verða hagstæðar á ný,“ útskýrir Páll.

Innihaldsefnin eru með staðfesta virkni og vandlega valin

„Þegar við þróuðum AstaSkin þá vildum við búa til vöru sem inniheldur astaxanthin en er líka með fleiri innihaldsefnum sem hafa góð áhrif á húðina. Helstu innihaldsefnin í AstaSkin eru auk astaxanthins, seramið og kollagen,“ segir Páll.

„Seramiðið er frá Japan og er unnið úr hrísgrjónum, en seramið er mikilvægur hluti af húðfitunni. Eftir því sem við eldumst verður breyting á útliti, samsetningu og uppbyggingu húðarinnar. Ein helsta breytingin sem verður er hægfara minnkun á seramiði í húðinni sem dregur úr vatnsheldni hennar og gerir hana næmari fyrir ertingu og roða. Seramið er nauðsynlegt fyrir húðina til að koma í veg fyrir vatnstap úr ysta húðlaginu. Við notum seramið í okkar vörur sem eru klínískt rannsökuð og það hefur verið sýnt fram á að þau draga úr vatnstapi í húðinni,“ útskýrir hann.

„Þriðja mikilvæga innihaldsefnið í AstaSkin er kollagen sem gefur okkur nauðsynleg uppbyggigarefni fyrir húð. Auk þess inniheldur AstaSkin öfluga fjölvítamínblöndu. Það eru sjö vítamín í vörunni, meðal annars C-vítamín sem er nauðsynlegt fyrir kollagenmyndun í húðinni. Við veljum vandlega innihaldsefni í vörurnar sem við vitum að hafa staðfesta virkni.“ ■

SKRÁÐU ÞIG Í ÁSKRIFT

15% AFSLÁTTUR OG FRÍ HEIMSENDING

HRINGDU Í SÍMA 562-8872

ÍSLENSKT

gjafir eru vel

ASTA EYE

SAGA PRO

ASTA SKIN

ASTA ENERGY

ALGAE OMEGA-3

Einnig hægt að skrá sig í áskrift á KeyNatura.is

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torge ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.



„Við fundum ótrúlegan mun á okkur á innan við tveimur vikum“, segir Birna, eftir að þær mæðgur fóru að taka inn meltingar-ensímín frá Enzymedica.
MYND/ADSEND

Meltingarensím breyttu lífi mæðgna

Það er lygasögu líkast hvernig áhrif meltingarensíma umbreyttu lífi mæðgna Birnu og Hrefnu, en þær hafa átt við ýmis heilsufarsleg vandamál að stríða um þó nokkurn tíma. Birna deilir með okkur sögu þeirra mæðgna.

Þökk sé næringarfræðingi sem móðir mín fór til þá höfum við mæðgurnar tekið meltingarensím núna í hálf t ár og má eiginlega segja að munurinn á meltingunni okkar eftir að við byrjuðum á þessum ensímum sé lyginni líkastur,“ segir Birna Sigurðardóttir (69 ára) eftir að hún fór með móður sinni til næringarfræðings sem breytti lífi þeirra beggja.

„Mamma mín, Hrefna Björnsdóttir, sem er 91 ár var farin að léttast svo svakalega. Það rann allt í gegnum hana og hún var ekki að nærast. Hún var hætt að treysta sér út úr húsi. Ég pantaði tíma hjá meltingarsérfræðingi sem rannsakaði hana vel og vandlega og kom í ljós að hún var hætt að framleiða ensím og var það orsök þess að hún var ekki að nærast. Hann áframsendi hana til næringarfræðings sem mælti með því að hún tæki inn Digest Spectrum, meltingarensím frá Enzymedica og að hún tæki út mjólkurvörur. Hún breytti fæðunni yfir í laktósafrítt strax, en það dugði ekki eitt og sér, hún varð að taka ensímín með. Mamma fann strax mun á sér og öðlaðist satt best að segja nýtt líf. Nú getur hún farið aftur út úr húsi eins og áður og gert allt sem hún var vön að gera.

Ég aftur á móti hef lent í miklum hremmingum á þessu ári. Ég fór í liðskiptaaðgerð á hné fyrr á árinu og þegar ég fór til lungnalæknis kom í ljós að ég var með kransæðastíflu og þurfti að fara í opna hjartaaðgerð. Í kjölfar aðgerðarinn-



“Ég fór í liðskiptaaðgerð á hné fyrr á árinu og þegar ég fór til lungnalæknis kom í ljós að ég var með kransæðastíflu og þurfti að fara í opna hjartaaðgerð.

ar þurfti ég að fara á ýmis lyf, s.s. blóðþrýstingslyf, hjartalýf og fleira, sem fóru illa í meltinguna mína. Þegar ég fór með móður minni til næringarfræðingsins spurði ég hvort þetta væri eitthvað fyrir mig og sagði hún að ensímín gætu klárlega hjálpað mér. Hún mælti með Digest Basic meltingarensímum. Ég varð fljótt allt önnur og hef nú tekið þessi ensím í hálf t ár og verður ekki aftur snúið. Mér finnst frábært að vörurnar séu ekki lyfseðilsskyldar.“

Meltingin er grunnurinn
Nýjustu rannsóknir staðfesta alltaf betur og betur hversu mikilvægt það er að hafa meltingarfærin í lagi. Við þurfum að geta brotið fæðuna vel niður til að næringarefnin frá-sogist. Meltingarfærin eru því það

fyrsta sem við þurfum að huga að til að geta nærst vel, því um leið og upptakan er góð og við skilum frá okkur eðlilegum hægðum, kemst betra jafnvægi á og höfum við stigið stórt skref í átt að heilbrigðara lífi. Það má líkja þessu við að við séum að byggja hús og við byrjum á grunninum. Því traustari og vel gerðari sem grunnurinn er, þeim mun auðveldara verður að byggja ofan á þannig að allt haldi vel.

Þreyta eftir máltíðir
Ensím eru nauðsynleg í öllum efnaskiptum í líkamanum, en í hráu fæði er mikið af ensímum sem verða óvirk við eldun. Þegar við borðum eldaðan og unninn mat notar líkaminn orku í að finna og flytja ensím til meltingarvegarins.

Nokkrar staðreyndir um ensím

Ensím í bætiefnaformi geta dregið úr einkennum fæðu-óþols og hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrr. Með inntöku getur fólk skilað meiru frá sér en áður og reglulegar. Hungurtilfinning getur minnkað því upptaka á næringarefnum verður betri.

Hver hefur ekki fundið fyrir þreytu eftir stórar máltíðir? Með hækkanði aldri gerist það líka að framleiðsla ensíma í líkamanum minnkar en ensímskortur getur lýst sér í eftirfarandi:

- Brjóstsviði, kviðverkir & ógleði
- Vindverkir & uppþemba
- Krampar í þörmum
- Svefnleysi
- Nefrennsli
- Ófullnægt hungur
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðklæði eða húðroði
- Bólur

Enzymedica
Meltingarensímín frá Enzymedica eru einstök og hafa losað fólk við ótrúlegustu óþægindi. Ensímín eru unnin með vinnslu sem kallast Thera-Blend og er það einkaleyfisvarin aðferð sem gerir ensímunum kleift að vinna á mismunandi pH-gildi í líkamanum og ná þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar.

Til eru fjórar tegundir meltingarensíma frá Enzymedica og eru þau 100% náttúruleg og vegan. Best er að taka meltingarensím í upphafi hverrar máltíðar eða með þeim máltíðum sem þú veist að þú átt erfitt með að melta, hvort sem það eru mjólkurvörur, kolvetni, prótein eða fita, og þannig auðvelda líkamanum að brjóta niður fæðuna og nýta þannig betur næringarefni fæðunnar. ■

Mikil lífsgæði sem fylgja því að vera í formi

Einar Ásgeirsson tekur inn blöndurnar Kollagen og Liði frá Protis. Hann er alsæll með árangurinn og segir vörurnar gera sér kleift að stunda hreyfingu án verkja.

Áður en Einar hóf inntöku á Kollageni og Liðum var hann farinn að finna fyrir verkjum sem voru farnir að hafa neikvæð áhrif á getu hans til að hreyfa sig og þar af leiðandi á lífsgæði hans.

„Ég var með liðverki í öxlum og hnjám, svona eins og gengur og gerist en svo var ég líka sárþjáður af vefja- og vöðvaverkjum. Ég var farinn að imynda mér að ég væri kominn með vefjagigt eða eitthvað í þeim dúr.“

Einar segir kynni sín af vörunum hafa verið hálfgerða tilviljun. „Ég var búinn að prófa ýmislegt og prófaði þetta af rælni. Þetta reyndist síðan virka svona rosalega vel. Ég er orðinn mjög góður í dag.“

Áþreifanlegur munur

Einar er búinn að nota vörurnar í tæp tvö ár og hafa komið upp tíma-bil þar sem hann hefur ekki tekið þær inn. „Ég er búinn að prófa að sleppa þessu og þá fer ekkert á milli mála hvað þetta virkar vel. Ég hef svo fundið áþreifanlegan mun þegar ég byrja aftur.“

Þá hefur hann enn fremur reynslu af því að taka inn bara aðra hvora vöruna og þær saman. „Ég hef líka bara átt Liði eða bara átt Kollagen en ég finn að þetta virkar ennþá betur saman. Þetta er frábær blanda. Ég þarf að taka þetta með mat til að styðja við upptökuna þannig að ég tek þetta með sjúss af ólífuoíu,“ segir Einar og hlær.

Einar hefur einnig prófað aðrar sambærilegar vörur, bæði erlendar og innlendar, og segir hann Protis hafa reynst sér best. „Þetta erlenda virkaði ekki neitt og þetta innlenda virkaði ágætlega en var bara alltof dýrt.“



Einar Ásgeirsson segist mun fljótari að ná sér eftir hreyfingu þegar hann tekur inn bæði Kollagen og Liði frá Protis.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

”Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört lykilatriði að taka þetta inn.

Það með þessu í staðinn fyrir að þjást, þá væri algjör synd að koma því ekki á framfæri. Mér er því ljúft og skylt að deila þessu með fólki ef þetta skyldi vera eitthvað sem gæti hjálpað þeim,“ segir Einar.

„Ég hélt að ég væri kominn með vefjagigt en það lagaðist eftir að ég fór að taka þetta inn. Það eru svo mikil lífsgæði sem fylgja því að vera í formi.“

Verndar liði, bein og brjós

Protis Liðir er unnið úr kollagenríkum skrápi sæbjúgna með viðbættu vatnsrofnu þorskrótíni fyrir viðhald vöðva og túrmeriki fyrir bólgueyðandi áhrif. Blandan inniheldur einnig mangan og nauðsynleg vítamín fyrir heilbrigð bein, brjós og liðvökva.

Fyrir húð, hár og neglur

Kollagen frá Protis er einstök blanda úr hágæða innihaldsefnum sem styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagenið er framleitt úr íslensku fiskroði og inniheldur einstakt innihaldsefni – SeaCol, sem er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskrótíni úr íslenskum þorski. SeaCol tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika. Einnig er séralín blanda af vítamínum og steinefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. ■

Protis Liðir og Protis Kollagen fæst í flestum matvöruverslunum, apótekum og Heilsuhúsinu.



Eins og þegar maður var yngri

Einar stundar ýmsa hreyfingu sér til ánægju og segir blöndurnar nú orðnar ómissandi. „Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört lykilatriði að taka þetta inn. Þetta styður alla hreyfingu, hvort sem það er skokk, hlaup eða ganga á fell og fjöll.“

Einar segir ávinninginn ekki sist felast í því hversu jákvæð áhrif þetta hafi á endurheimt vöðva þegar búíð er að taka á því. „Þetta verður svolítið eins og þegar maður var yngri og fékk ekki harðsperrur eða annað vesen. Liðanin batnar og þá er auðveldara að virkja sig betur í hreyfingu. Þannig kemur þetta allt.“

Einar mælir heilshugar með vörunum. „Ég hugsaði með mér hvort maður ætti nokkuð að vera að tjá sig en síðan er ég alltaf að lesa um fólk sem þjáist til dæmis af vefjagigt og ef það getur lagað

Kaffi kemur ekki í stað góðrar hvíldar

Kaffibollinn er ekki eins orkugefandi og margir telja eftir slæman nætursvefn. Bandarískir vísindamenn rannsökuðu áhrif kaffis eða orkudrykkjar á fólk eftir svefnlitla nótt til að takast á við daginn. Niðurstöðurnar koma á óvart.

elin@frettabladid.is

Það voru vísindamenn frá Michigan State University sem gerðu rannsóknina og var hún birt í Journal of Experimental Psychology. 276 þátttakendur tóku þátt í rannsókninni, var þeim skipt í fjóra hópa og beðnir um að gera tvö mismunandi próf. Áður en prófin voru leyst fengu þeir sitt-hvora pilluna, sumir fengu koffín á meðan aðrir fengu lyfleysu sem hafði engin áhrif. Auk þess voru tveir samanburðarhópar sem höfðu sofið eðlilega en þeir fengu sams konar pillur. Var þetta gert til að kanna áhrif af koffíninu.

Í einu prófi urðu þátttakendur að nota einbeitingu fyrir frekar einfalt verkefni. Síðara verkefnið var mun flóknara. Svefnleysi hafði áhrif á niðurstöður beggja prófanna. Ekki voru merkjanleg áhrif koffíns á þá sem höfðu sofið lítið og hinna sem höfðu sofið vel. Hópurinn sem fékk koffín leysti prófið betur en sá sem fékk lyfleysu. Flókin verkefni verða hins vegar ekki auðveldari með koffíni. Norskur prófessor, Olav Spigset,



Kaffisopinn er alltaf góður en hann getur aldrei komið í stað góðs nætursvefns.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

»Ef fólk er illa sofið og þreytt getur það leyst einföld verkefni en eftir því sem þau verða flóknari hefur koffín ekki jákvæð áhrif.

kaffi. Margar niðurstöður á koffíni benda til þess að það hafi jákvæða eiginleika.“

Rannsókn sem birt var í Nature 2014 sýndi til dæmis góð áhrif á langtímaminni. Prófessorinn bendir á að námsmenn geti haldið sér vakandi á kvöldin og fram á nótt yfir próflestri með kaffidrykkju. Það sé hins vegar ekki rétt leið til að læra. „Best er að vera vel úthvildur í prófi. Sumir hafa of mikla trú á kaffisopanam,“ segir hann.

Ýmsar aukaverkanir eru þekktar við of mikla kaffineyslu, svo sem hjartsláttartruflanir, kvíði, eirðarleysi og handskjálfti. Auk þess hefur kaffineysla síðdegis og á kvöldin áhrif á svefninn.

Eðlileg kaffidrykkja hjá full-orðnum er ekki hættuleg heilsunni. Unglingar hins vegar sem eru óvanir koffíni ættu alls ekki að hella í sig orkudrykkjum. Það er ekki gott fyrir heilsu þeirra. ■

segist á vefmiðlinum forskning.no ekki vera hissa á þessum niðurstöðum þar sem koffín hjálpi ekki mikið við aðstæður sem krefjast mikillar einbeitingar.

„Ef fólk er illa sofið og þreytt getur það leyst einföld verkefni en eftir því sem þau verða flóknari hefur koffín ekki jákvæð áhrif. Vissulega getur maður haldið sér vakandi með smá koffíni í blóðinu en það kemur aldrei í staðinn fyrir góðan nætursvefn. Þótt banda-

rískir vísindamenn vari öikumenn við því að koffín geri þá ekki betri í akstri hafa aðrar rannsóknir sýnt að koffín getur haft jákvæð áhrif á akstur séu menn þreyttir. Slíkar rannsóknir voru gerðar í ökuhermi og miðuðust við akstur á þjóðvegum. Ekki hefur verið rannsakað hvort koffín hafi áhrif í borgarakstri þar sem eru flóknari aðstæður,“ segir hann.

Framleiðendur orkudrykkja telja oft upp fjölda efna sem eru í

drykkjunum auk koffíns en meðal þeirra er aminosýra sem er til dæmis í Red Bull. „Ekki hefur verið sýnt fram á að aminosýrur hafi viðbótaráhrif við koffínið,“ segir prófessorinn. „Gerðar hafa verið rannsóknir í hermi á öikumönnum eftir að þeir hafa drukkið Red Bull. Þegar hindranir birtust á akbrautinni brugðust þeir hraðar við sem höfðu innbyrt drykkinn en hinir sem fengu ekki orkudrykk. Red Bull gaf sömu áhrif og

MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGUR 2. JÚNÍ 2021

22. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

TAG Heuer

NOMOS
GLASHÜTTE

TUDOR

LONGINES

TISSOT



Verið velkomin í glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Icelandair réði 800 manns fyrir sumarið

2 Icelandair hefur ráðið 800 manns til þess að búa sig undir sumarið. Megnið eru áhafnir og starfsmenn í flugafgreiðslu.

Meta virði Íslandsbanka á allt að 242 milljarða króna

2 Söluráðgjafar vegna útboðs Íslandsbanka áætla að hagnaður bankans verði á bilinu 16,5 milljarðar til um 19 milljarðar þegar komið verður fram á árið 2023.

Engin rök fyrir launaskatti

6 Innheimtir skattar og stöðugleikaframlög fjármálafyrirtækja, starfandi og fallinna, eru löngu búin að mæta útgjöldum ríkissjóðs vegna fjármálahrunins, segir hagfræðingur SFF.

Milljarðs uppbygging í Hveragerði

7 Hveraberg leiðir hóp fjárfesta sem reist hefur nýjan áfangastað í Hveragerði og nefnist hann Gróðurhúsið. Þar verður m.a. hönnunarhótel, verslanir, mathöll og matarmarkaður.

Keyptu 10% hlut í Ölgerðinni

7 Forstjóri og stjórnarformaður drykkjarvörfyrirtækisins seldu tæplega helminginn af hlut sínum til eignarhaldsfélagsins Sindrandi.



Rétt að opna landið fyrir bólusettum ferðamönnum

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir segir að þegar hafi sýnt sig að sú aðgerð að opna landið fyrir ríkisborgurum utan Schengen-svæðisins hafi verið rétt skref. Ákvörðunin var tekin einhliða af íslenskum stjórnvöldum, en leikreglur Schengen hafi víða verið virtar að vettugi síðastliðið ár. – Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

SÓLGLERAUGU - TILVALIN ÚTSKRIFTARGJÖF

OPTICAL STUDIO, öll helstu merkin í sólgleraugum.

Opticalstudio.is Sími : 511 - 5800



Söluráðgjafar við útboð meta virði Íslandsbanka á allt að 242 milljarða

hordur@frettabladidi.is

Íslensk og erlend fjármálafyrirtæki, sem eru ráðgjafar vegna fyrirhugaðrar sölu á hlutum í Íslandsbanka í almennu hlutafjárútboði, gera ráð fyrir því í ítarlegum greiningum sem þeir kynna nú mögulegum fjárfestum, að arðsemi í rekstri bankans muni batna á komandi árum og að hagnaðurinn verði á bilinu 16,5 milljarðar til um 19 milljarðar þegar komið verður fram á árið 2023.

Þetta má lesa út úr greiningarskýrslum níu ráðgjafa, sem hafa verið birtar í rafrænu gagnaherbergi í tengslum við söluferlið og Markaðurinn hefur séð, en í þeim er hins vegar ekki framkvæmt eiginlegt verðmat á bankanum vegna útboðsins.

Í greiningu Fossa markaða, sem eru á meðal ráðgjafa við sölu, kemur hins vegar fram að gert sé ráð fyrir því að hagnaður Íslandsbanka muni nema tæplega 19 milljörðum á árinu 2023 og gangi þær rekstraráætlanir eftir megi áætla að virði bankans sé á bilinu 222 til 242 milljarðar króna. Það er umtalsvert meira en bókfært eigið fé bankans í lok fyrsta ársfjórðungs, sem nam 185,5 milljörðum, en mat Fossa grundvallast meðal annars á því að umfram eigið fé Íslandsbanka sé um 30 milljarðar.

Þá kemur fram í greiningu Jakobsson Capital, sem er sjálfstæður greiningaraðili og ekki ráðgjafi við sölu bankans, að miðað við tiltekna rekstraráætlanir sem lagðar séu til grundvallar þá liggi verðmæti Íslandsbanka á bilinu 154,9 milljarðar til 218 milljarðar, eða sem jafngildir genginu 0,83 til 1,17 afbókfærðu eigin fé. Greining Jakobsson er sögð viðkvæm fyrir breytingum á mikilvægum forsendum, sérstaklega virkum vaxtamun bankans.

Í greiningum annarra ráðgjafa, meðal annars Barclays, Citi, JP Morgan, Landsbankans, Arion banka og Íslenskra fjárfesta, er ekki sett fram mat á hvert virði bankans kunni að vera en hins vegar eru afkoma hans og rekstraráætlanir bornar saman við aðra innlenda og erlenda banka og markaðsvirði þeirra. Miðað við þann samanburð megi áætla að markaðsvirði Íslands-

banka sé nokkuð undir bókfærðu eigin fé hans.

Ríkissjóður, sem er eigandi alls hlutafjár í Íslandsbanka, áformar sem kunnugt er að selja á bilinu 25 til 35 prósent hlut í bankanum í gegnum útboð og skráningu á markað síðar í þessum mánuði. Stjórnendur bankans hafa gefið út að markmið hans sé að skila arðsemi eigin fjár á bilinu 8 til 10 prósent fyrir árið 2023 og yfir 10 prósent til lengri tíma. Hagnaður bankans á fyrsta ársfjórðungi nam 3,6 milljörðum sem jafngildi 7,7 prósent arðsemi á ársgrundvelli.

185,5

Bókfært eigið fé Íslandsbankans er 185,5 milljarðar króna en fjárfestar eiga von á því að verðbilið í útboðinu verði á um 10-20% lægra gengi.

Í þessari viku standa yfir fundir ráðgjafa með fjárfestum, bæði innlendum og erlendum, en viðbrögð þeirra á fundunum verða á meðal þess sem litið verður til þegar Bankasýslan, sem heldur utan um hlut ríkisins í Íslandsbanka, ákvarðar verðbil og stærð útboðsins. Samkvæmt viðmælendum Markaðarins, sem hafa setið fundi með ýmsum söluráðgjöfum að undanfögnu, er talið afar sennilegt að verðbilið í útboðinu verði á genginu 0,8 til tæplega 0,9 miðað við bókfært eigið fé bankans sem þýðir að markaðsvirði bankans sé á bilinu 148 til 167 milljarðar. Í ríkisreikningi er hluturinn bókfærður á genginu 0,8 miðað við eigið fé.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er gert ráð fyrir því að útgáfa skráningarlýsingar og fjárfestakynning, þar sem fyrirhugað verðbil mun koma fram, verði að líkindum birt næstkomandi mánudag. Í kjölfarið hefst öflun áskrifta frá fjárfestum (e. book building), þar sem þeir geta skráð sig fyrir hlutum í útboði Íslandsbanka, og að hlutafjárútboðið muni standa yfir til 16. júní. ■



Framkvæmdastjóri hjá Icelandair segir mikla eftirspurn eftir þeim störfum sem eru nú auglýst. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Icelandair hefur ráðið 800 manns fyrir sumarið

Icelandair hefur ráðið 800 manns til þess að búa sig undir sumarið. Megnið eru áhafnir og starfsmenn í flugafgreiðslu. Fjöldi starfsmanna er um 1.500 í janúar en verður um 2.500 í sumar. Sjá fram á um 100 brottfarir á viku í lok júní.

thorsteinn@frettabladidi.is

Icelandair hefur á síðustu mánuðum ráðið og endurráðið um 800 manns í takt við fjölgun flugferða og til þess að búa sig undir aukin umsvif í sumar. Þetta segir Elísabet Helgadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Icelandair Group.

„Þegar faraldurinn skall á fyrir rúmu ári síðan þurftum við að ráðast í sársaukafullar aðgerðir til þess að verja störf til lengri tíma litið. Það er því mjög ánægjulegt að horfa nú til bjartari tíma og hefja ráðningar á ný,“ segir Elísabet í samtali við Markaðinn.

Spurð hver skipting starfanna sé segir Elísabet að megnið af störfunum sem ráðið var í séu framleiðslutengd flugstörf, svo sem flugáhafnir og störf í flugafgreiðslu á Keflavíkurlugvelli. „Það er mjög jákvætt að geta skapað störf á ný á Suðurnesjum þar sem atvinnuástandið hefur verið sérstaklega bagalegt.“

Þegar umsvif Icelandair Group voru í lágmarki í janúar voru starfsmenn samstæðunnar um 1.500 talsins og stöðugildin tæplega 1.300. Um leið og opnað var fyrir ferðalög bólusettra Bandaríkjamanna til landsins hóf Icelandair markaðssetningarherferð þar í landi sem

”

Við þurfum að vissu leyti að leika af fingrum fram þegar kemur að ráðningum sem er nauðsynlegt í núverandi ástandi til þess að verja félagið og störfin til lengri tíma.



Elísabet Helgadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Icelandair Group.

skilaði sér í aukinni sölu á flugsætum.

„Við erum í sóknarhug,“ segir Elísabet og vísar til þess að flugferðum á vegum félagsins fjölgi í hverri viku. „Í þessari viku eru brottfarir í millilandaflugi frá Keflavík um 50 og við sjáum fyrir okkur að vera komin upp í 100 brottfarir á viku fyrir lok júní að öllu óbreyttu.“

„Áætlanir okkar eru þó að taka stöðugum breytingum í takt við aðstæður á mörkuðum okkar, ferðatakmarkanir og framgang bólusetninga. Þetta þýðir að við þurfum að vissu leyti að leika af fingrum fram þegar kemur að ráðningum sem er

nauðsynlegt í núverandi ástandi til þess að verja félagið og störfin til lengri tíma. Við getum hins vegar gert ráð fyrir að vera með hátt í 2.500 starfsmenn í sumar ef staðan heldur áfram að batna,“ segir Elísabet.

Aðspurð segir hún að mikil eftirspurn sé eftir þeim störfum sem eru auglýst þessa dagana. „Við finnum fyrir miklum áhuga fólks að koma til starfa hjá okkur.“

Höfuðstöðvar fyrir breytta tíma

Í lok síðasta árs tilkynnti Icelandair Group að félagið hefði selt höfuðstöðvar sínar að Nauthólsvegi til fasteignafélagsins Reita fyrir 2,3 milljarða króna. Húsnæðið verður leigt af Reitum til ársloka 2023 en þá hyggst flugfélagið flytja höfuðstöðvar sínar á Flugvelli í Hafnarfirði. Þar hefur hluti starfseminnar verið en til stendur að stækka húsnæðið fyrir sameininguna.

„Eins og mörg önnur fyrirtæki höfum við gengið í gegnum miklar breytingar á vinnuvenjum á síðasta eina og hálfa árinu. Og þær eru að miklu leyti komnar til að vera. Starfsfólk leyti komnar til að vera. Starfsfólk vill áfram sveigjanleikann sem fylgir því að geta bæði unnið að heiman og á skrifstofunni,“ segir Elísabet.

„Það er auðvitað einstakt tækifæri að fá að hanna nýjar höfuðstöðvar á þessum tímum í takt við breyttar áherslur og mæta þörfum okkar fjölbreytta hóps. Við munum nýta tímann vel næstu mánuði í þarfa greiningu, kalla eftir virkri þátttöku starfsmanna og skapa enn sterkari og skemmtilegri vinnustað til framtíðar,“ bætir hún við. ■

Erlendir vísitölusjóðir keypt í Arion fyrir 700 milljónir

hordur@frettabladidi.is

Þrír nýjir erlendir vísitölusjóðir, sem fjárfesta einkum í hlutabréfum félaga á vaxtarmörkuðum (e. frontier markets), hafa bæst við hluthafahóp Arion banka á undanförunum dögum en Ísland var formlega tekið inn í vaxtarmarkaðsvísitölu MSCI þann 28. maí síðastliðinn.

Samkvæmt nýjum lista yfir alla hluthafa Arion banka, sem Markaðurinn hefur séð, voru sjóðir í stýringu Northern Trust, Legal & General og Acadian Asset Management skráðir fyrir samanlagt rúmlega 5 milljónum hluta að nafnvirði í bankanum, eða sem nemur um 700 milljónum miðað við núverandi markaðsgengi. Mestu munar um hlut sjóðsins Northern Trust Com-

264

Samkvæmt verðmati Jakobsson er markaðsvirði Arion banka um 264 milljarðar, eða um 18% yfir núverandi gengi bréfa bankans.

mon sem fer með um 3,4 milljónir hluta að nafnvirði en hinir sjóðirnir eru skráðir fyrir nokkuð minni hlut.

Að sögn viðmælenda Markaðarins fór að bera á talsverðu innflæði á hlutabréfamarkaðinn frá slíkum vísitölusjóðum á seinni hluta síðasta mánaðar, einkum í bréf

Arion banka og Marel, en fastlega er gert ráð fyrir því að það muni aukast verulega þegar fram í sækir. Gengi krónunnar hefur á sama tíma styrkst nokkuð sem er talið að megi að hluta rekja til innflæðis vegna fjárfestinga erlendra sjóða í skráðum íslenskum félögum.

Mikið fjármagn fylgir vísitölum MSCI en nokkur fjöldi af sjóðum fjárfestir í samræmi við vísitöluna eða hefur hana sem viðmið

Hlutabréfaverð Arion hefur hækkað um 41 prósent frá áramótum og nemur markaðsvirði 223 milljörðum. Samkvæmt nýju verðmati Jakobsson Capital er verðmatsgengi bankans 159 krónur á hlut, sem er um 18 prósent yfir núverandi markaðsvirði, en gengi bréfa bankans er nú 134,25 krónur á hlut. ■

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40 www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



MARÍUGATA 38-40

URRIÐAHOLT - VISTVOTTAÐ HVERFI Í GARÐABÆ

ÞG Verk kynnir nýjar og glæsilegar fasteignir til sölu í Urriðaholti í Garðabæ. Vel staðsettar íbúðir með skóla og leikskóla í göngufæri ásamt því að vera með golfvöll og Heiðmörkina í næsta nágrenni. Byggingarnar eru efst á hæðinni og eru margar íbúðanna með frábært útsýni.



Íbúð 308 / 117 m² / 71.5 mkr.

Íbúð 304 / 142 m² / 79.9 mkr.



- ✓ Vandaðar íbúðir á besta stað í Urriðaholti, Garðabæ
- ✓ Frábær staðsetning í nálægð við Heiðmörkina, golfvöll og skóla
- ✓ 4ra herbergja íbúðir 117-161 fermetur
- ✓ Bílastæði í bílakjallara eða bílskúr fylgir öllum íbúðum
- ✓ Glæsilegt útsýni



SÖLUVEFUR

tgverk.is/mariugata-38-40

Hafa samband við ragnhildur@borgir.is sími 861-1197 eða hrefna@tgverk.is

Rétt að opna landið án samráðs við Schengen

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir segir að þegar hafi sýnt sig að sú ákvörðun að opna landið fyrir bólusettum ferðamönnum frá löndum utan Schengen hafi verið rétt. Hún bindur miklar vonir við að breytingar á raforkulögum náist í gegn.



Þórður Gunnarsson
thg
@frettabladid.is

Það var stór efnahagsaðgerð að hleypa bólusettum ferðamönnum sem hafa ríkisfang utan Schengen-svæðisins inn í landið, að mati Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, ráðherra iðnaðar-, nýsköpunar- og ferðamála. Samstaða hafi þó líka verið um að sóttvarnarök hafi ekki hnigið að því að mismuna bólusettum ferðamönnum á grundvelli ríkisfangs.

„Rókin fyrir öllum þessum aðgerðum á landamærunum voru á forsendum sóttvarna. Þegar það lá fyrir að bólusett fólk frá Þýskalandi eða Danmörku gæti komið til landsins var langsótt að bólusettum Bretum eða Bandaríkjamönnum yrði bannað að koma til landsins. Þannig að ég og fleiri lögðum á það mikla áherslu að taka þá ákvörðun að hleypa bólusettum ríkisborgurum utan Schengen til landsins, við sjáum að það var rétt ákvörðun og mikilvæg áhersla,“ segir hún.

Í gegnum heimsfaraldurinn virtust leikreglur Schengen samstarfsins fara fyrir lítið, að sögn Þórdísar. Ákvörðun Íslands um að hleypa inn bólusettum ferðamönnum hvaðanæva úr heiminum hafi verið einhliða: „Í eðlilegu árferði hefði slík ákvörðun kallað á ákveðið ferli innan Schengen. En við tókum þessa ákvörðun á okkar forsendum. Við sáum það á síðustu 18 mánuðum að það er ekki eins og Schengen-samstarfið hafi virkað alveg eðlilega, ríki voru að taka alls konar ákvarðanir, stundum með ansi langsóttum rökstuðningi. Stundum á vísindalegum grunni en stundum á pólitískum grunni.

Við tókum þessa ákvörðun á okkar á forsendum. Við höfum gripið til mjög harðra aðgerða á landamærunum undanfarið ár til að vernda líf og heilsu landsmanna. Þegar sóttvarnarökin voru ekki lengur fyrir hendi á landamærunum fannst mér og fleirum mikilvægt að við opnuðum landið fyrir bólusettum einstaklingum, ekki síst til að veita súrefni inn í efnahagslífið.

Við sjáum strax að þessi ákvörðun hefur reynst vel og hefur í raun verið stór efnahagsaðgerð. Áhugi á Íslandi er mikill og landið er tiltölulega opið, það eru ekki mörg lönd með þessa sömu greiðu leið inn í landið fyrir bólusetta einstaklinga þó að fleiri séu um þessar mundir að opna sín landamæri meira en áður. En á sama tíma er mikilvægt að muna að það er sameiginlegt verkefni heimsbyggðarinnar að tryggja viðtækt hjarðónæmi með markvissum bólusetningum,“ segir ráðherrann.

Tekist á um sóttvarnir

Landsmenn hafa vanist því á síðastliðnu ári að fréttamenn bíði fyrir utan ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu, eða aðra fundarstaði ríkisstjórnarinnar, eftir nýjum ákvörðunum um herðingar eða tilslakanir á sóttvörnum. Út á við virtist ávallt góð samstaða í ríkisstjórn um aðgerðir vegna faraldursins, en Þórdís segir að heilbrigð umræða hafi ávallt átt sér stað innan ríkisstjórnarinnar um sóttvarnaaðgerðir.

„Auðvitað voru málin rædd út frá öllum sjónarhornum í ríkisstjórninni. Mér hefði ekki líðið vel ef ekki hefði verið skipst á skoðunum um þessi mál. Það er samt þannig að þessi hópur sem situr við ríkisstjórnarborðið ræður vel við það.

Það er heilbriggt að tekist sé á um erfið mál. Enginn hefur tekist á við svona nokkuð áður og engin forðæmi fyrir þessari stöðu.

Þegar þessu verður öllu lokið er fyrst hægt að dæma um hvernig gekk. Sumum fannst við gera of mikið, öðrum of lítið, en heilt yfir hefur þetta gengið vel miðað við önnur lönd. Okkur hefur tekist að halda pólitískum stöðugleika, við höfum ráðist í markvissar efnahagsaðgerðir sem hafa virkað. Svo má auðvitað nefna að við njótum góðs af því að vera eyja, við erum fá, innviðir samfélagsins sterkir og samstaða þjóðarinnar var mikil.“

Endalausir upplýsingafundir

Við upphaf faraldursins voru upplýsingafundir þríeykisins svokallaða haldnir í færanlegum skúr við hlið Landspítalans. Þegar á leið var húsnæði tekið á leigu við Katrínartún í Reykjavík, þar sem



Umhverfi nýsköpunar hafi batnað mjög að undanfögnu

Þórdís Kolbrún segir að ekki sé hægt að leggja of mikla áherslu á nýsköpunarmál. „Það er alveg sama hvaða málaflokk þú leggur á borðið, nýsköpun er alltaf svarið. Ef við litum til heilbrigðis- og öldrunarmála, menntamála, loftslagsmála eða aukinnar verðmætasköpunar takmarkaðra auðlinda. Nýsköpun þarf að vera þarna alls staðar.

Kría er eitt dæmi um aðgerðir okkar í nýsköpun, en sá sjóður var settur á fót vegna þess að fjármögnunarumhverfi vaxtar- og vísisfyrirtækja er að mörgu leyti öðruvísi en rótgróinna fyrirtækja. Við sjáum að í kjölfar stofnunar Kriu hafa margir sprotasjóðir sprottið upp á skömmum tíma og hátt í 20 milljarðar safnast þangað inn. Einhverjir halda því fram að of margir sprotasjóðir hafi orðið til að undanfögnu. Ef það er sérstakt vandamál að of mikið fjármagn sé í boði fyrir sprotafyrirtæki um þessar mundir, þá myndi ég telja það lúxusvandamál þótt auðvitað þurfi að vera jafnvægi hér eins og annars staðar.

Síðan vil ég líka nefna að endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar voru hækkaðar og framlengdar. Ég sé að kallað er eftir því að þetta úrræði verði framlengt eða gert varanlegt. Það er hugsanlegt að þetta verði að kosningamáli, þetta kerfi gagnast fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum, bæði nýjum og gömlum. En það þarf að greina hvaða árangri þessar auknu endurgreiðslur eru að skila og sú vinna er að fara af stað. Það er alveg ljóst að fyrirtækin telja þetta skipta höfuðmáli í sókn þeirra í krefjandi umhverfi og við sjáum vöxt fyrirtækjanna, auknar fjárfestingar þeirra í rannsóknum og þróun og fjölgun starfa svo það er óhætt að halda því fram að úrræðið er jákvætt og skiptir okkur sem samfélag miklu máli.“

„Þegar þessu verður öllu lokið er fyrst hægt að dæma um hvernig gekk. Sumum fannst við gera of mikið, öðrum of lítið, en heilt yfir hefur þetta gengið vel miðað við önnur lönd,“ segir Þórdís Kolbrún um baráttuna við heimsfaraldurinn.

veglegu myndveri almannavarna var komið á legg. Síðastliðið ár hafa síðan ýmsir atburðir verið teknir til umfjöllunar í myndverinu við Katrínartún. Svo sem jarðhræringar á Reykjanesskaga, eldgos í Geldinga-dölum og loks sinubrunahætta í kjölfar þurrkatiðar á vormánuðum.

Er þetta leiðin til að stýra land-inu? Er rétt að standa fyrir reglu-legum, beinum útsendingum frá myndveri almannavarna, sótt-varnalæknis eða annarra stofnana til að vara fólk við nýjustu hætt-unni sem gæti að þeim stöðjað? Er þetta ekki til þess fallið að skapa óþarfa geðshræringu meðal lands-manna? „Í upphafi, þegar enginn vissi raunverulega hvað var í gangi, skipti máli að almenningur sæi að öflugt fólk væri við stjórnvölinn og að ráðleggja ríkisstjórninni. Mér fannst þríeykið líka gera það vel í upphafi að tala manneskjulega við fólk og svara spurningum fjöl-miðla heiðarlega. Það jók traustið á verkefninu sem við stóðum frammi fyrir. Þegar um það bil ár var liðið affaraldrinum fannst mér fundirnir kannski ekki allir jafn mikilvægir. Auðvitað er almennt gott að sér-fræðingar upplýsi fólk. Fólk bregst mismunandi við ytri hættum og er misskelkað og því er erfitt að finna rétt jafnvægi í þessum efnum.“

Bindur vonir við breytt raforkulög

Fyrr í vetur lagði Þórdís Kolbrún fram frumvarp um breytingar á raforkulögum. Meðal veigamestu atriða þar eru breytingar á lögum er tengjast Landsneti, sem annast uppbyggingu og rekstur flutnings-kerfis raforku hér á landi. Bæði framleiðendur og stórnotendur raf-orku á Íslandi eru sammála um að flutningur raforku hér á landi er of dýr, sem endurspeglast meðal annars í því að arðsemi Landsnets er oft á tíðum meiri en Landsvirkjunar. Fyrrnefnda fyrirtækið er þó með sérleyfi á flutningi raforku, en bent hefur verið á að sérleyfisfyrirtæki eigi að njóta höflegri arðsemi en raun ber vitni á bókum Landsnets.

„Frumvarpið er í þinginu núna og vinnan í nefndinni gengur vel. Ég tel mikilvægt að þetta mál klárist og hef trú að því að það takist. Auð-vitað er alltaf mikið að gera í þing-inu stuttu fyrir þinglok, sérstaklega á kosningaári. En ég sé ekki hvað ætti að koma í veg fyrir að þetta klárist. Mér finnst þingmenn sýna málinu mikinn áhuga og atvinnu-veganefnd hefur fengið til sín marga gesti í sinni þinglegu meðferð.

Regluverkið þarf að vera skilvirkt í þessum efnum og við þurfum að ná sem mestri hagkvæmni í kerf-inu, þó að það sé oft erfitt þegar sérleyfisfyrirtæki eru veigamikil á markaði. Mér finnst almennt góður skilningur á mikilvægi þess að við séum samkeppnishæf og okkar flutnings- og dreififyrirtæki séu eins vel rekin og mögulegt er. Ég bind vonir við að þingið klári þetta,“ segir Þórdís Kolbrún.

Bent hefur verið á að veginn fjár-magnskostnaður Landsnets, sem er grundvöllur verðskrár fyrir-tækisins, sé of hár. Landsvirkjun, Samtök iðnaðarins og álframleið-endur bentu á í umsögn sinni um frumvarp til breytinga á raforku-lögum að ekki væri nægilega langt gengið í frumvarpinu við að leið-rétta þetta ákveðna atriði. „Það eru ákveðnar breytingar á þessu atriði í frumvarpinu en svo er þetta að hluta til spurning um útfærslu í reglugerð. En við erum að reyna að finna ákveðið jafnvægi til að sam-keppnisstaða Íslands verði sterkari, án þess þó að ganga of nærri rekstri Landsnets. Við teljum okkur vera með gott jafnvægi hvað það varðar.“

Riflegur hluti stóriðju á Íslandi er í kjördæmi Þórdísar, en bæði álver Norðurlás og járnblendiverksmiðja Elkem eru á Grundartanga í Hval-firði. „Ég er í reglulegu samtali við þessi fyrirtæki og það hefur gengið vel hingað til. Þá á ég við bæði

Ríkið gæti þurft að stiga inn í framkvæmdaferli Suðurnesjalínu

„Fyrir mér er helsti vandi flutningskerfisins hvað það gengur ótrúlega hægt að ráðast í framkvæmdir. Landsnet hefur bætt vinnulag sitt á undanförnum árum með auknu samráði við hagsmunaaðila á fyrri stigum, svo sem sveitarfélög og landeigendur. Kröflulína gengur vel, en svo erum við með aðrar framkvæmdir eins og Suðurnesjalínu 2 og Blöndulínu sem hafa verið á teikniborðinu í mörg ár en komast ekki af stað. Mikil-vægasta úrlausnarefnið varðandi starfsemi Landsnets er að breyta lagaumhverfinu svo mikilvægar framkvæmdir séu ekki fastar í hjólförum kærufarla árum eða ára-tugum saman.

Nú hafa öll sveitarfélög nema eitt gefið út framkvæmdaleyfi og það virðist engin lausn í sjónmáli. Kannski þarf ríkið að stiga inn í þetta mál en auðvitað væri best ef þetta færi í gegnum hefðbundið skipulagsferli. Þetta hefur verið fast í kerfinu í rúman áratug sem er óboðleg staða. Það er margt sem mælir gegn því að leggja Suðurnesja-línu 2 í jörðu, sérstaklega í ljósi þeirra jarðhræringa sem hafa átt sér stað að undan-förnu á Reykjanesskaga, tæknilegra þátta, auk þess sem það samræmist ekki við-miðum um jarðstrengi sem Alþingi hefur sjálft samþykkt.“

”

Ég finn fyrir jákvæðni í okkar garð og gagn-vart þeim áherslum og verk-efnum sem við höfum unnið að.

forsvarsmenn fyrirtækjanna og kannski sérstaklega þróunarfélags-ins sem er að líta til uppbyggingar iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Þróunarfélagið er að einbeita sér að nýjum möguleikum til uppbygg-ingar á Grundartanga, til að mynda uppbyggingar glatvarma. Mjög stór hluti glatvarma frá iðnaðarstarf-semi er ónýttur hér á landi og því þarf að breyta. Ein af þeim breyt-ingum sem eru í frumvarpinu um raforkulögin snýr að því að skerpa á og einfalda nýtingu glatvarma, en þar er mikil raforka sem fer til spillis. Það er algjört lykilatriði að tryggja að þessi erlendu fyrir-tæki sem hér starfa búi við sam-keppnishæft umhverfi. Tækifæri í uppbyggingu iðngarða og grænna fjárfestinga, svo sem vetnisfram-leiðslu og annarrar framleiðslu til að stuðla að orkuskiptum hér á landi og til útflutnings, eru gríðarleg. En öll sú fjárfesting á það sameiginlegt að þurfa endurnýjanlega orku og heilmikið hugvit.

Segir Fraunhofer-skýrsluna gagnlega

Skýrsla þýska ráðgjafarfyrirtækis-ins á samkeppnishæfni íslensks raforkumarkaðar var birt almen-ningi síðasta haust, en hennar hafði verið beðið með mikilli eftirvænt-ingu. Skýrslan fól í sér samanburð á nýjasta tiltæka orkuverði á Íslandi og í samanburðarlöndunum Þýska-landi, Noregi og Kanada. Margir söknudag vangavelta um framtíðar-horfur, en á þeim tíma sem skýrslan kom út hafði orkuverð á meginlandi Evrópu lækkað mikið og var til að mynda lægra við á Noregi en á Íslandi, þó að sú staða hafi snúist aftur við síðan þá. Að sama skapi var ein af niðurstöðum skýrslunnar að flutningskostnaður raforku væri of hár á Íslandi.

„Skýrsla Fraunhofer varpaði finu ljósi á stöðuna. Niðurstaðan var sú að almennt séð hefði Ísland verið samkeppnishæft á þeim tíma sem rannsakaður var í skýrslunni. Þar kom líka fram að tækifæri væru til úrbóta, meðal annars með tilliti til flutningskostnaðar. Við förum því beint í að rannsaka það mál hratt og vel og lögðum fram áðurnefndar breytingar á lagaumhverfi raforku sem snýr að þeim þætti. Við brugð-umst því hratt við þessum ábend-ingum og ef frumvarpið verður samþykkt er nokkuð ljóst að það mun skila sér í lækkun flutnings-kostnaðar.

Ég vil að hér geti þrífist fjölbreytt fyrirtæki sem þurfa raforku. Ég vil að hér sé næga orku að hafa og það sé auðvelt að flytja hana og að það sé ekki dýrara en það þarf að vera. Ég vil að það sé samkeppni á raf-orkumarkaði. Hún er vissulega fyrir hendi að nokkru leyti en hins vegar eimir ennþá af gamla tímanum. Landsvirkjun er mjög stór aðili hér á markaði og opinbert eignarhald er alltumlykjandi í kerfinu í heild. Þá er ég að vísa í framleiðslu á raf-orku og sölu sem hvoru tveggja er á samkeppnismarkaði samkvæmt lögum, ólíkt flutningi og dreifingu sem er sérleyfisskyld starfsemi. Samkeppnin hefur verið að aukast á smásölumarkaði, sem er gott. En

”

Við erum ekki að fara að setja meiri fjármuni í alla málaflokka áfram á næsta kjörtímabili, þar sem forsendur ríkisfjármála eru gjörbreyttar.

Það er hægt að efla samkeppni á fleiri sviðum.“

Sækist áfram eftir varaformennsku

Þórdís hefur nú gengt embætti vara-formanns Sjálfstæðisflokksins í um það bil þrjú ár. Hún segist munu áfram sækjast eftir því að gegna hlutverki í forystu flokksins. Ekki sé þó tímabært að ræða formanns-framboð. „Það styttist í næsta landsfund þar sem ég mun áfram óska eftir umboði til að vera í for-ystu flokksins. Ég hef notið trausts frá Sjálfstæðisfólki um allt land og ég hef gert mitt allra besta til að standa undir því. Ég hef sterka sýn á því hvernig flokkurinn eigi að þróast. Flokkurinn skilur fram-tíðina og á því erindi við hana. Ef ég fæ umboð til þess að leiða flokkinn á einhverjum tímapunkti þá væri ég tilbúin til þess. Tíminn verður að leiða það í ljós. Við erum með öfl-ugan og farsælan formann í Bjarna Benediktssyni.

Margt í núverandi stjórnarsam-starfi hefur gengið vel, að mati Þórdísar. Vísar hún þar meðal annars í mælingar á stuðningi við ríkisstjórnina. „Ríkisstjórnin hefur haldið góðum stuðningi í gegnum kjörtímabil þar sem ýmislegt hefur gengið á. Sjálfstæðisflokkurinn er ennþá stærsti flokkur landsins og við munum leggja okkur fram við að halda þeirri stöðu og fá enn sterkara umboð frá kjósendum til að taka þátt í stjórn landsins. Ég finn fyrir jákvæðni í okkar garð og gagn-vart þeim áherslum og verkefnum sem við höfum unnið að.

Kjaramál voru eitt af stóru mál-unum í upphafi þessa stjórnar-samstarfs og stórir áfangar náðust í þeim efnum. Hins vegar standa eftir spurningar um hvernig við ætlum að standa að kjaraviðræðum til framtíðar. Í löndunum í kringum okkur hefjast kjaraviðræður á spurningunni um hvað sé mikið til skiptanna en það hefur vantað upp á það hér heima. Það mætti halda því fram að ekki hafi verið inni-stæða fyrir þeim launahækkunum sem Lífskjarasamningarnir fólu í sér.

Á næsta kjörtímabili er ýmislegt sem við getum ekki leyft okkur áfram. Fyrir kórónuveiruna jukust

Styður rannsókn á SKE

Nýlega lagði hópur þing-manna fram beiðni á Alþingi um að stjórnsýsluúttekt verði gerð á starfsháttum Samkeppniseftirlitsins. Sam-keppnismál heyra undir ráðu-neyti Þórdísar Kolbrúnar.

Hvað finnst henni um þessar vendingar?

„Ég greiddi atkvæði með því að þessi úttekt verði unnin. Ég sem markaðssinni tel mikilvægt að skilvirkt og tryggt eftirlit sé til staðar með tilliti til samkeppnis-mála.

Það væri ekki gott ef stofnun eins og Sam-keppniseftirlitið, sem hefur mikil áhrif á atvinnulífið með sínum ákvörðunum, nyti ekki trausts atvinnulífsins. Það kemur auðvitað ekki á óvart að sterkir aðilar á íslenskum markaði hafi sterkar skoðanir á eftirlitinu, þar sem þeir eru líka að gæta sinna hagsmuna. Gagnrýnin sem beinst hefur að Samkeppniseftirlitinu hefur verið margvísleg og ég vil ekki skera úr um hvenær hún hefur byggt á einhverju persónulegu, hvenær hún hefur byggst á einstökum ákvörðunum eða á almen-n-um vinnubrögðum.

Við gerðum breytingar á samkeppnislögunum árið 2019 sem voru mjög til bóta að mínu mati. Frumvarpið eins og ég lagði það fram fór þó ekki í gegn óbreytt, það var ýmsu breytt í því og ágætt og gagnlegt að sú um-ræða skyldi vera tekin.

En um þessi mál vil ég segja að því frjálsari sem markað-urinn er því mikilvægara er að samkeppniseftirlit sé skil-virkt og gagnsætt. En ég auð-vitað heyri þegar talað er um að ýmislegt megi betur fara í vinnulagi Samkeppniseftir-litsins. Á sama tíma verðum við að hafa í huga að aðilar á markaði munu alltaf verja sína hagsmuni, líka gagn-vart Samkeppniseftirliti sem meðal annars á að tryggja að nýir aðilar geti komist inn á markaðinn og keppt.“

útgjöld allra málaflokka. Það er aug-ljóst að við getum ekki haldið áfram að auka útgjöld á þessum hraða. Ég lít svo á að því tímabili sé lokið. Við erum ekki að fara að setja meiri fjármuni í alla málaflokka áfram á næsta kjörtímabili, þar sem for-sendur ríkisfjármála eru gjörbreytt-ar. Það þýðir ekki að við getum ekki sótt fram, bætt þjónustu og aukið lífsgæði á Íslandi, þvert á móti eru gríðarleg tækifæri til að gera nákvæmlega það. Með nýsköpunina að vopni, byltingu í stafrænni þjón-ustu, einföldun regluverks og kjark til að endurskoða fjölmörg verkefni sem hið opinbera sinnir. Það er of algengt að við mælum árangur út frá fjármagni en ekki afköstum og betri þjónustu.“

Orkuskipti kalla á meiri raforku

Það gengur ekki upp að segjast styðja orkuskipti og grænar fjár-festingar ef ekki fylgja með áætlanir um auknar fjárfestingar í raforku-framleiðslu, segir Þórdís Kolbrún. „Þau sem segjast vilja grænar fjár-festingar og græna framtíð verða að styðja fjárfestingu í aukinni raf-orkuframleiðslu. Mér finnst margir komast upp með að tala fyrir lofts-lagsmálum þegar í raun er verið að tala fyrir landvernd sem felur í sér að ekki megi raska neinu í þágu raf-orkuframleiðslu. Ef við ætlum að fara í raunveruleg orkuskipti kallar það á stórauðnar fjárfestingar í raf-orkuframleiðslu, til dæmis vindin-um, það er einfaldlega staðreynd.“ ■

B-týpa sem byrjar daginn eldsnemma

Svipmynd

Anna Garðarsdóttir

Nám: B.Sc. Rekstrarverkfræði úr Háskólanum í Reykjavík. M.Sc. Mathematical Modelling and Computation úr DTU, Kaupmannahöfn (Danmarks Tekniske Universitet).

Störf: Verkfræðingur hjá Alvotech (Process Technology & Innovation) frá nóvember 2020. Verkfræðingur í rannsóknum og þróun hjá Trackman í Kaupmannahöfn frá júní 2017 til október 2020.

Fjölskylduhagir: Einhleyp.

Anna Garðarsdóttir vinnur við stærðfræðilega líkanagerð hjá Alvotech. „Þótt ég sé B-týpa í grunninn hef ég náð að venja mig á að vakna snemma og byrja daginn af krafti. Ég vakna klukkan 5.30 og byrja á því að hreyfa mig í 30-60 mínútur,“ segir hún.

Hvað felst í nýja starfinu?

Ég starfa í frábæru teymi vísindamanna og sérfræðinga sem vinna að því að innleiða nýjungar í tækni og aðferðum til að bæta þróunarferlið þannig að það verði sem hagkvæmast og skilvirkast.

Markmið Alvotech er að gera líf-tæknilyf aðgengileg fyrir alla sem



„Það þarf ekki mikið til að gleðja mann þessa dagana, ég fór grímulaus í matvöruverslun um daginn og það var veisla,“ segir Anna. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

þurfa á þeim að halda. Þess vegna er mikilvægt að þetta ferli sé sem hagkvæmast en líftæknilyf eru afar dýr í þróun og framleiðslu. Mitt hlutverk er að nota stærðfræði- og gagnalíkon til að spá fyrir um ýmsa þætti ferlisins og fá upplýsingar sem erfitt eða ómögulegt er að mæla beint. Þannig er hægt að fækka tilraunum og fá betri innsýn inn í

það flókna fyrirbæri sem þróun líftæknilyfja er. Það er virkilega spennandi að taka þátt í uppbyggingu nýs atvinnugeira sem byggir á hátækni. Við erum í nánú samstarfi við Háskóla Íslands sem óneitanlega skapar einnig grundvöll fyrir framþróun á þessu sviði hér á Íslandi.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mín helstu áhugamál eru tækni

”

Þar að auki fylgist ég með fótbolta og spila með rosalegum old-girls kempum á mánudögum í Sporthúsinu.

og nýsköpun og ég tel mig vera mjög heppna að fá að starfa við það hér heima á Íslandi. Það er ekki sjálfgefið að fyrirtæki eins og Alvotech taki ákvörðun um að hafa aðsetur á Íslandi en ekki annars staðar í heiminum þar sem vinnuafli er eflaust ódýrara.

Þar að auki fylgist ég með fótbolta og spila með rosalegum old-girls kempum á mánudögum í Sporthúsinu. Það er hrikalega gaman og yfirleitt hápunktur vikunnar.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Ég tek morgunrútinuna mína mjög alvarlega og er langt leidd í þælingum varðandi hana. Þótt ég sé B-týpa í grunninn hef ég náð að venja mig á að vakna snemma og byrja daginn af krafti. Ég vakna klukkan 5.30 og byrja á því að hreyfa mig í 30-60 mínútur. Því næst tek ég heitan og kaldan pott eða sturtu, fæ mér morgunmat og skipulegg daginn áður en ég kiki á tölvupóstinum eða aðra miðla. Ég viðurkenni reyndar að það þarf

lítið til að ég detti úr þessari rútínu og finnst erfiðara að fylgja henni á sumrin. En það er magnað hvað það hefur mikil áhrif að vakna snemma og eiga tíma með sjálfum sér áður en dagurinn hefst. Mér finnst ég ná betri einbeitingu og finn fyrir minni streitu.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég hef lesið margar áhrifaríkar bækur en það eru tvær sem standa upp úr: Letting Go eftir David Hawkins sem er á andlegu nótunum en mjög holl og góð lesning fyrir alla. Síðan er það 5AM Club eftir Robin Sharma en hún fjallar um mikilvægi þess að byrja daginn snemma og á alla sök á þessari morgunrútinu-áráttu minni.

Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?

Ég er bara spennt fyrir sumrinu og lífsins án takmarkana. Það þarf ekki mikið til að gleðja mann þessa dagana, ég fór grímulaus í matvöruverslun um daginn og það var veisla. Nú eru bjartari tímar fram undan og ég hlakka til að eyða sumrinu á Íslandi með fjölskyldu og vinum.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Uppáhaldsborgin mín er París en ég fór þangað í æðislega helgarferð fyrir nokkrum árum og þurfti ekki meira til að heillast af henni. Svo þykir mér auðvitað vænt um Kaupmannahöfn þótt ég hafi verið tilbúin að flytja aftur heim. Ég kynntist yndislegu fólki, fékk frábæra reynslu og á góðar minningar þaðan. ■

Betur má ef duga skal



Yngvi Örn Kristinnsson
hagfræðingur
Samtaka fjármálafyrirtækja.

Íslensk fjármálafyrirtæki búa við umtalsverða skattlagningu umfram önnur fyrirtæki í landinu. Þrír sérstakir skattar eru lagðir á fjármálafyrirtækin sem hvorki eiga sér samsvörun hjá samkeppnisaðilum í nágrannalöndum né eru lagðir á helstu samkeppnisaðila fjármálafyrirtækja á lánamarkaðnum, lífeyrissjóðina. Það eru bankaskattur, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur. Að auki eru gjöld vegna fjármálaeftirlits og innstæðutrygginga með hæsta móti hlutfallslega hér á landi. Undanfarin ár hafa sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki numið um 16 milljörðum króna á ári og starfstengd gjöld um 4 milljörðum króna ári. Helstu starfstengdu gjöldin eru iðgjald vegna innstæðutrygginga, eftirlitsgjald vegna fjármálaeftirlits og gjald vegna starfsemi Umboðsmanns skuldara. Þessir sérstöku skattar og gjöld koma til viðbótar öðrum sköttum fjármálafyrirtækja og í heild hafa aðildarfyrirtæki Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) verið að greiða um 35-40 milljarða í skatta og gjöld til opinberra aðila undanfarin ár. Til samanburðar má nefna að launagjöld banka og sparisjóða voru á síðasta ári röskir 40 milljarðar króna og sérstakir skattar og gjöld því um helmingur af þeirri fjárhæð.

Skekki samkeppnisstöðu

Þessir skattar veikja samkeppnisstöðu innlendra fjármálafyrirtækja en stór hluti af lánum til innlendra fyrirtækja er veittur af erlendum samkeppnisaðilum. Þá skekki þessi

skattlagning samkeppnisstöðu á innlendum lánamarkaði. Loks hefur skattlagningin áhrif á fjármálafyrirtækin sem fjárfestingarkost í sam-anburði við önnur fyrirtæki og rýrir meðal annars eignarhlut ríkisins í bönkunum.

Þessir sérstöku skattar hér á landi eru nokkurs konar minnisvarði um hugmyndir sem komið hafa fram á alþjóðavettvangi í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 sem hafa aðeins að mjög takmörkuðu leyti komið til framkvæmda annars staðar en hér. Eini skatturinn sem náði einhverri fótfestu erlendis var bankaskatturinn, skattur á skuldir fjármálafyrirtækja, en í flestum EES ríkjum hefur hann nú breyst í gjald í skilasjóð vegna skilameðferðar fjármálafyrirtækja.

Mikilvæg skref verið stigin

Míkilsverð skref hafa þó verið tekin á því kjörtímabili sem er að ljúka til lækkunar á þessum gjöldum. Iðgjöld vegna innstæðutrygginga hafa verið lækkuð og sérstakur bankaskattur sem er einn þessara skatta hefur verið lækkaður. Samtals gætu áhrif þessara breytinga numið um 7 milljörðum króna þegar áhrifin eru komin fram.

Afram standa óhreyfðir tveir sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur. Sá fyrri er í raun sérstakur launaskattur, reiknast sem 5,5% af heildarlaunagreiðslum. Og kemur til viðbótar tryggingagjaldinu sem öll fyrirtæki greiða (6,1%). Hinn seinni er viðbótartekjuskattur, sérstakt 6% tekjuskattsþrep á fjármálafyrirtæki á tekjur umfram 1 milljarð króna. Samtals hafa tekjur ríkissjóðs vegna þessara skattar numið um 6 milljörðum króna á ári undanfarin ár.

Engin rök fyrir sérstökum launaskatti

Rökstuðningur fyrir þessum sérstöku sköttum hefur einkum verið

”

Engin ástæða er fyrir því að fjármálafyrirtæki ein séu með sérstakt hátekjuskattþrep.

það tjón sem fjármálahrúnið olli samfélaginu. Þá hefur einnig verið stuðst við rök sem felast í því að skattlagningin muni hefta vöxt eða áhættusækni fjármálafyrirtækjanna. Ljóst er að innheimtir skattar og stöðugleikaframlög fjármálafyrirtækja, starfandi og fallinna, eru löngu búin að mæta útgjöldum ríkissjóðs vegna fjármálahrúnins. Fjársýsluskatturinn var á sínum tíma rökstuddur með tilvísun til alþjóðlegra áforma um að skattleggja laun og hagnað fjármálafyrirtækja (financial activity tax) en ekkert varð af þeim áformum erlendis. Engin sérstök rök eru fyrir sérstaka fjársýsluskattinum önnur en að afla tekna. Engin ástæða er fyrir því að fjármálafyrirtæki ein séu með sérstakt hátekjuskattþrep. Íslensk fjármálaþjónusta getur ekki til lengri tíma búið við mun meira íþyngjandi skattaumhverfi en önnur íslensk fyrirtæki eða erlendir samkeppnisaðilar. Þá er alveg ljóst að engin rök eru fyrir því að skattleggja starfsmannahald á fjármálamörkuðum sérstaklega, umfram önnur fyrirtæki í landinu. Því er mikilvægt að stiga sem fyrst næstu skref í lækkun og afnámi sértækra skatta á fjármálastarfsemi og jafna samkeppnisstöðuna, neytendum til hagsbóta. ■

Ein elsta starfandi bókaútgáfa landsins er til sölu.

Bókaútgáfan Setberg hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá 1950. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í útgáfu barnabóka síðustu ár og hefur velta verið á bilinu 30-50 m.kr.

Árlega eru gefnir út um 20 titlar, að mestu þýðingar á erlendum titlum og er dreifing góð í bókabúðir og helstu verslanir. Síðasta rekstrarár útgáfunnar var mjög gott og eru ágætis horfur framundan með nýjum möguleikum í rekstri.



kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is



21 milljarður streymdi í hlutabréfa-sjóði á síðustu sex mánuðum.

Kraftmikið innflæði í hlutabréfasjóði

thorsteinn@frettabladid.is

Innflæði í hlutabréfasjóði og bland-aða verðbréfasjóði var jákvætt um samtals 8 milljarða króna í apríl. Þetta kemur fram í nýjum tölum Seðlabanka Íslands.

Samfellt innflæði hefur verið í hlutabréfasjóði og blandaða sjóði frá byrjun sumars 2020. Ef litið er til síðustu 6 mánaða hefur innflæði í sjóðina, að frádragnu útf læði, numið nærri 38 milljörðum króna. Þar af hefur tæplega 21 milljarður farið inn í hlutabréfasjóði og um 17 milljarðar í blandaða sjóði.

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn var formlega tekinn inn í Frontier markets hlutabréfavísitölur MSCI í lok maí. Magnús Harðarson, for-stjóri Kauphallarinnar, sagði í sam-tali við Markaðinn í síðustu viku að mikil hlutabréfaviðskipti í vikunni og styrking krónu væru vísbend-ingar um að erlendir aðilar hefðu komið inn að einhverju marki sem rekja megi til MSCI.

Samkvæmt nýbirtu yfirliti Nasd-aq yfir hlutabréfamarkaðinn námu heildarviðskipti með hlutabréf um 69,3 milljörðum króna í maí. Það er 13,4 prósentlaökkun frá því í apríl en milli ára jukust viðskipti um 110 prósent.

Heildarfjöldi viðskipta í maí voru um 4.911 talsins eða 258 að jafnaði á dag. Það er 18 prósentlaökkun frá því í apríl en milli ára fjölgaði við-skíptum um 5 prósent. ■

Netgíró og Aur á 800 milljónir

thorsteinn@frettabladid.is

Kvika, sameinað félag Kviku banka, TM og Lykils, keypti fjár-tæknifyrirtækin Aur og Netgíró fyrir tæplega 800 milljónir króna. Þetta kemur fram í uppgjöri bank-ans fyrir fyrsta ársfjórðung.

Kvika gekk frá kaupum á 80 pró-senta hlut í Netgíró, sem býður upp á einfaldar raðgreiðslur, í byrjun árs en fyrir átti bankinn 20 prósentla hlut. Í árshlutauppgjöri bankans kemur fram að kaupverðið geti að hámarki numið um 325 milljónum króna. Hluti kaupverðsins, um 125 milljónir króna, veltur á ákveðnum skilyrðum.

Þá gekk Kvika frá kaupum á 100 prósentum hlutafjár í Aur appi síðla mars. Aur býður upp á einfalda leið til að millifæra peninga og er með um 90 þúsund virka notendur. Fyrir kaupin átti Nova hf. rúmlega helm-ing hlutafjár í félaginu, en aðrir hlut-hafar voru m.a. Borgun hf., Social ehf., sem er í eigu Helga Pjeturs Jóhannssonar, og Sverrir Hreiðars-son, framkvæmdastjóri Aurs.

Fram kemur í árshlutauppgjöri bankans að kaupverðið á Aur hafi numið um 458 milljónum króna.

Marínó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku, sagði í viðtali við Markaðinn að kaupin á Aur væru hluti af þeirri vegferð að gera bankann „ósýni-legan“. ■

Milljarðs uppbygging í Hveragerði

Í Gróðurhúsinu er hönn-unarhótel, verslanir, mathöll, matarmarkaður, kaffihús, ísbúð og bar.

helgivifill@frettabladid.is

Hveraberg þróunarfélag leiðir hóp fjárfesta sem reist hefur nýjan áfangastað í Hveragerði sem ber nafnið Gróðurhúsið. Bodið verður upp á fjölbreytta þjónustu fyrir Íslendinga og ferðamenn: hönn-unarhótel, mathöll, verslanir, kaffihús, matarmarkað og sælkeraverslun, ísbúð og bar. Bygging fast-eignarinnar kostaði rúman milljarð og starfsemin mun hefjast í sumar. Þetta segir Brynjólfur J. Baldursson, stjórnarformaður fasteignafélags-ins.

„Við erum að blanda saman up-plifunarverslun og veitingastöðum við glæsilegt hótél,“ segir hann. Gróðurhúsið, sem sé 2.600 fer-metrar og í umhverfisvottunarferli, eigi að höfða jafnt til íslenskra ferða-landa og erlendra ferðamanna sem og íbúa Suðurlands. Brynjólfur segir að stærsti hluti ferðamanna sem sækir landið heim eigi leið fram hjá byggingunni á leið sinni á Suður-landið.

„Byggingin stendur á móti Hótel Örk og er á fjórum hæðum. Hálfðan Pedersen annaðist hönnunina en hann er þekktur fyrir áherslur sínar á endurunnið og endurnýtt efni. Meðal hans síðustu verka er Vinnu-stofa Kjarvals og nýtt hönnunar-hótel í Bandaríkjunum. Hálfðan hannaði einnig Skálann sem opnaði nýverið við rætur Reykjadal.

Á jarðhæð Gróðurhússins er versl-un og þjónusta. Í suðurenda hússins verður Mathöll Suðurlands með fimm veitingastaði: Hipstur, Block burger, Taco-vagninn og Wok-on en verið er að ganga frá samningum við fimmta staðinn. Eins verður þriggja hæða bar í Gróðurhúsinu með stórum þaksvölum.

Í norðurenda Gróðurhússins verða verslanir, svo sem Epal, Kormákur og Skjöldur, Álafoss, matar-markaðurinn og sælkeraverslunin Me&Mu auk kaffihúss sem Hipstur mun reka í samvinnu við Te & kaffi. Einnig verður þar opnuð ísbúð sem Rut Káradóttir innanhússarkitekt stendur að ásamt eiginmanni sínum Kristni Arnarsyni í samvinnu við Kjörís.

„Verslanirnar eru á bilinu 35 til 70 fermetrar og hugsaðar sem „búð í búð“. Alla jafna myndu slíkar vers-lanir þurfa að vera mun stærri til að standa undir launakostnaði en í ljósi þess að verslanirnar og hótelið sam-nýtir starfsfólk í afgreiðslu er hægt að halda kostnaði í lágmarki,“ segir Brynjólfur.

Hann nefnir að þróunin sé að verslunin fari mikið til fram á netinu og því hafi margar erlendar verslanir brugðið á það ráð að reka



„Við erum að blanda saman upplifunarverslun og veitingastöðum við glæsilegt hótél,“ segir Brynjólfur J. Baldursson, framkvæmdastjóri Gróðurhússins sem opna mun í sumar. Hálfðan Petersen annast hönnunina. MYND/ADSEND

Standa að uppbyggingu í Reykjadal

Sami fjárfestahópurinn kemur einnig að uppbyggingu við Reykja-dal í Hveragerði sem er í næsta nágrenni við Gróðurhúsið. „Fyrsti fasinn var að opna þjónustuhús sem við köllum Skálann. Þar er komið kaffihúsið Café Reykjadalur og útivistarverslun í samstarfi við Kormák og Skjöld,“ segir Brynjólfur.

Horft er til þess að í Skálanum verði upplýsingamiðstöð og svo mun Icebike opna þar hjólaleigu og ferðaþjónustu í sumar.

Hveraberg leiðir verkefnið

Hveraberg þróunarfélag leiðir verkefnið og hóp fjárfesta, þar með taldir Steinn Logi Björnsson, fyrrverandi forstjóri Bláfugls, og Ólafur Garðarsson lögmaður, sem stendur að Gróðurhúsinu. Hveraberg þróaði heildarhugmyndafræði Gróðurhússins og kemur þannig að öllum stigum uppbyggingarinnar, allt frá sjálfri byggingafram-kvæmdinni yfir í val á leigutökum og sjálfu rekstrarmódeli hússins. Brynjólfur er stjórnarformaður Hverabergs og framkvæmda-stjóri fyrir verkefnið. Brynjólfur var áður meðstofnandi og eigandi Alfa verðbréfa sem MP banki (nú Kvika banki) keypti árið 2011 og varð Brynjólfur í kjölfarið framkvæmdastjóri yfir eignastýringu bankans. Brynjólfur er einnig fyrrverandi stjórnarformaður Fl fast-eignafélags sem er tíu milljarða fasteignasjóður.

vel staðsettar upplifunarverslanir þar sem mest seldu vörunum sé gert hátt undir höfði. Þau hjá Gróður-húsinu sjá síðan tækifæri fyrir sína leigutaka til að deila starfsmanna-kostnaði og ná þannig hagkvæmni í rekstri.

„Á tveimur efri hæðunum er hönnunarhótelið Greenhouse Hotel sem býr yfir fjögurra stjörnu gæðum,“ segir Brynjólfur. Það er með 49 herbergi, þar af einni svitu. „Viðskiptamódelið er afar sveigjan-legt. Hótelið samnýtir starfsfólk með öðrum leigutökum og þrifum er útvistað til ræstingafyrirtækis. Það felst jafnframt verulegt hag-ræði í því að þurfa ekki að reka veit-ingastað meðal annars til að bjóða upp á morgunmat heldur að eiga frekar í samstarfi við þá sem reka slíka þjónustu í húsinu. Hótelið er

því rekið með minni kostnaði en ella í ljósi þessa sveigjanleika. Við reynum síðan að nýta tæknina eins og hægt er og sem dæmi þá þurfa hótलगestir ekki að bíða í anddyrinu til að fá lykla að herberginu afhenta heldur skrá þeir sig inn rafrænt og fá aðgangskóða rétt eins og markaður-inn kallar eftir í dag. Þannig náum við að fylgja grænni stefnu hótels-ins, meiri hagkvæmni og ánægðari viðskiptavinum. Það verður síðan lögð mikil áhersla á útivist og afþreyingu fyrir gestina en í bak-garði hótelsins er Reykjadalurinn sem hefur notið mikilla vinsælda hin síðari ár en þar eru margar skemmtilegar göngu- og hjólaleiðir. Á svæðinu er einnig hægt að veiða, spila golf og fara í útreiðatúra.“

Í kjallara hússins er stór 160 fer-metra ferðamannaverslun Nordic

Store. „Þar úir og grúir af alls kyns áhugaverðum vörum fyrir ferða-menn,“ segir Brynjólfur. „Verslun-arhluti hússins er því vel samsettur til að þjónusta bæði Íslendinga jafnt og erlenda ferðamenn,“ bætir hann við.

Gróðurhúsið er í vottunarferli með bresku umhverfisvottun-ina BREEAM. „Það er mikilvægt að standa okkar plikt gagnvart umhverfinu. Að sama skapi er hún æskileg í ljósi markaðsfærslu Gróð-urhússins en í hönnuninni er víða vísað til gróðurhúsa en einnig telj-um við hana mjög skynsamlega út frá viðskiptaforsendum. Vottunin gerir það að verkum að við ættum að geta fjármagnað reksturinn til lengri tíma með ódýrari hætti, til dæmis með útgáfu grænna skulda-bréfa og innan fárra ára munu vist-vænar byggingar geta innheimt hærri leigu en aðrar. Það er vegna þess að viðskiptavinir leigusala, sem geta verið verslanir og mat-sölustaðir, vilja oft og tíðum velja umhverfisvænni kosti. Markaður-inn knýr á um þessa þróun. Erlend-is er víða hærri leiga á umhverfis-vænni byggingum og sú þróun mun líka eiga sér stað á Íslandi fyrr en síðar,“ segir hann.

Brynjólfur gerir sér vonir um að um milljón manns muni renna við á Gróðurhúsið á ári þegar fram líða stundir. „Verslunarkjarninn í Hveragerði býður upp á fjölbreytta þjónustu og fékk hundruð þúsunda manns á ári áður en Covid-19 far-sóttin skall á. Það gefur okkur eitt-hvað til að stefna að. Gróðurhúsið er afar vel staðsett. Áður en far-sóttin kom til sögunnar fóru um 1,6 milljónir erlendra ferðamanna á einu ári fram hjá Gróðurhúsinu – til að mynda á leið að Gullna hringnum eða í heimsókn í heita lækinn í Reykjadal – eða 80 pró-sent af þeim tveimur milljónum sem hingað komu,“ segir hann. ■

Félag Boga og Lindu keypti í Ölgerðinni

thorsteinn@frettabladid.is

Eignarhaldsfélagið Sindrandi, sem er í eigu Boga Þórs Siguroddssonar og Lindu Bjarkar Ólafsdóttur, eig-enda heildverslunarinnar Johans Rönnung, hefur keypt 10 prósentla hlut í Ölgerðinni. Þetta kemur fram á vef fyrirtækjaráðgjafar Íslands-banka, sem var ráðgjafi við sölu-na.

Seljandinn var OA eignar-haldsfélag, sem er í eigu Andra Þórs Guðmundssonar, forstjóra Ölgerðarinnar, og Óktós Einarssonar stjórnarformanns. Eftir söl-una á félagið um 16 prósentla hlut í Ölgerðinni. Sindrandi átti fyrir um 4 prósentla hlut og fer því með



Æðstu stjórnendur Ölgerðinnar minnkuðu hlut sinn í 16 prósent.

14 prósentla hlut eftir kaupin.

Sala OA þýðir að eignarhalds-félagið er ekki lengur stærsti hlut-hafi Ölgerðarinnar. Samkvæmt hluthafalista á vef drykkjarvöru-

fyrirtækisins á Horn III, framtaks-sjóður í stýringu Landsbréfa, um 25 prósentla hlut og Akur, sérhæfður sjóður í stýringu Íslandsbréfa, á um 18 prósentla hlut.

Ölgerðin er drykkjarvörufram-leiðandi landsins og á mörg af elstu og þekktustu vörumerkjum landsins á sínu sviði, til dæmis Egils Appelsín og Egils Malt. Auk þess er Ölgerðin með leyfi til þess að fram-leiða og selja vörur undir þekktum vörumerkjum frá fyrirtækjum Carlsberg Group og Pepsico.

Á árinu 2020 hagnaðist Ölgerðin um 578 milljónir króna samanborið við 400 milljóna króna hagnað á árinu 2019. Tekjur félagsins námu um 18,5 milljörðum króna og jukust um 4,5 prósent á milli ára. Þá námu eignir félagsins ríflega 20 milljörðum króna og eigið féð um 5,4 milljörðum. ■

Skoðun

Helgi Vífill
Júlíusson



Á rangri leið

Oft var þörf en nú er nauðsyn að minnast ummæla eins besta íshökkileikmanns allra tíma, Wayne Gretzky: Ég skauta þangað sem pökkurinn er að fara, ekki þangað sem hann er.

Á undanförnum áratugum hefur verið blómlegur hagvöxtur á Íslandi. Við getum samt ekki treyst á að auðlindahagkerfið haldi áfram á sama hraða og verið hefur enda er umsvifum þess takmörk sett. Nýsköpun verður að vera driffjöður hagvaxtar á 21. öldinni. Vandinn er að samkvæmt algengum mælikvörðum stöndum við öðrum vel stæðum ríkjum að baki hvað það varðar. Það gefur ekki góð fyrirheit um að hugvitsdrifinn iðnaður verði mikilvæg stoð í hagkerfinu innan tíðar.

Útgjöld Íslands til rannsókna og þróunar sem hluti af landsframleiðslu voru minni en annarra iðnríkja á árunum 2011 til 2019. Sömu sögu er að segja þegar litið er til fjölda einkaleyfa miðað við höfðatölu sem varpar ljósi á tíðni nýrra uppfinninga, samkvæmt gögnum sem Seðlabankinn tók saman.

Hugvitsdrifinn iðnaður óx einungis um 2,7 prósent á ári að jafnaði á tíu árum, samkvæmt greiningu Viðskiptaráðs, en vonast var til skömmu eftir fjármálahrunið að vöxturinn yrði tíu prósent til að úr yrði myndarlegur atvinnuvegur.

Rétt er að rifja upp að áður en far-sóttin skall á skapaði hagkerfið ekki nógu mörg álitleg störf og því flutti ungt menntað fólk af landi brott en ómenntaðir erlendir verkamenn fluttu til landsins. Að leitast við að efla nýsköpun er því ekki eingöngu til þess fallið að auka hagsæld heldur leggur grunn að áhuga-verðum störfum.

Að sjálfsögðu á að gera tíma-bundna hækkun endurgreiðslna vegna rannsókna og þróunar, sem átti aðeins að gilda fyrir árin 2020 og 2021, varanlega, eins og Við-reisn lagði til. En vandinn er meiri. Skattar á Íslandi eru með þeim hæstu á byggðu bóli en það dregur úr nýsköpun. Að sama skapi dregur mikil verðbólga, gengisóstöðugleiki og djarfar launahækkanir úr mögu-leikum nýsköpunarfyrirtækja til að ná árangri.

Það þarf því að vinda ofan af skattheimtu og íþyngjandi reglu-verki, binda endi á stórskaðlegt höfrungahlaup og mennta fólk svo það geti keppt alþjóðlega í tækniþróun til að leggja grunn að umfangsmikilli nýsköpun. Ýmsir af vinstri vængnum munu seint setta sig við fyrstu tvö atriðin. Í því liggur hluti vandans. ■

Kjálkanes keypt í Arion fyrir um 700 milljónir

hordur@frettabladid.is

Eignarhaldsfélagið Kjálkanes, sem seldi fyrir skemmstu 15 prósentu hlut í Síldarvinnslnunni fyrir 15 milljarða króna, hefur auðið verulega við eignarhlut sinn í Arion banka og er nú á meðal um 40 stærstu hluthafa bankans.

Kjálkanes heldur á um 0,3 prósentu hlut, samtals 5 milljónir hluta að nafnvirði, samkvæmt lista yfir alla hluthafa Arion, sem Markaðurinn hefur séð, en markaðsvirði þess hlutar er um 670

milljónir króna. Félagið bætti við sig 4 milljónum hluta að nafnvirði í lok síðasta mánaðar.

Eigið fé Kjálkaness, sem er eigandi útgerðar-félagsins Gjögurs á Grenivík, nam 13 milljörðum í árslok 2020. Stærstu eigendur Kjálkaness, með 45 prósentu hlut, eru systkinin Anna og Ingi Jóhann Guðmundsbörn en í hluthafahópnum er einn-ig Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair Group, með tæplega 9 prósentu hlut.

Hlutabréfaverð Arion hefur hækkað um 41 pró-sent frá áramótum. ■

”

Það eru of margir þarna úti sem hafa ekki áhuga á vinnu og eru að mínu mati að misnota þau úrræði sem íslensk stjórnvöld bjóða upp á.

Steingrímur Birgisson, fram-kvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar.



SUMMARFRÍ

4 VIKUR

26 kr.

AFSLÁTTUR

Skráðu þig á orkan.is

Skipuleggðu sumarfríið vel og vertu með afslátt í áskrift

Veldu þínar **4 vikur** og tankaðu með **26 kr. afslætti*** með Orkulyklinum! Þú gætir líka unnið **gistinótt á Icelandair hóteli með morgunmat fyrir tvo, 50.000 kr. eldsneytisinn eign, lesbretti og 12 mánaða áskrift að Storytel eða aðgang fyrir tvo í Sky Lagoon.**

Orkan — Ódýrasti hringurinn



*Gildir ekki á Orkunni Bústaðavegi, Dalvegi, Reykjavíkurvegi og Mýrarvegi, en þar gildir okkar allra lægsta verð — skilyrðislaust.



Sterkari saman
í sátt við umhverfið



LITRÓF



GuðjónÓ

Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000



HANDÞVOTTUR OG HANDSPRITT, ÁVALLT NÚMER EITT!

TVÆR TEGUNDIR:
SÍTRÓNA OG LAVENDER
ILMURINN ER EINSTAKUR



Einstakt handspritt með 100% hreinum ilmkjarnaolíum og hafþyrnisolíu
sem hefur magnaða húðbætandi eiginleika.

SÓTTTHREINSANDI – MÝKJANDI – NÆRANDI

Fæst í stórmörkuðum, betri verslunum og apótekum | Nánari upplýsingar á www.numereitt.is

 **númer eitt**

ÞÍN HEILSA – OKKAR ÁSTRÍÐA

Bötlers-borgarinn með andalifur og trufflum

Jóhann Gunnar Arnarson, bryti, lífskúnstner og mat-gæðingur, eða Jói bötlar og kona hans, Kristín Ólafs-dóttir, vígðu nýju útihús-gögnin sín frá JAX handverki og slógu upp veglegri ham-borgaragrillveislu.

Þegar kemur að því að dekkja pallinn fyrir sumarið er Jói með á hreinu hvað er ómissandi að hafa á pallinum. „Blóm, gott grill og auð-vitað húsgögn, svo kemur búbban líka sterk inn. Að endingu eru það góðir vinir, en þeir gera alla palla flotta,“ segir Jói og nýtur þess í botn að taka á móti gestum á pallinum. Kiddý er iðin við að fegra pallinn með fallegum blómapottum og fylgihlutum sem gleðja augað. Veislan birtist í þættinum Matur og heimili á Hringbraut á dögunum.

Grillmatur góður fyrir sálina
Jói og Kiddý grilla oft og allt árið um kring. „Við grillum frekar mikið og jafnvel að vetri til líka. Það er voða gaman að grilla á veturna í góðu veðri, maður þarf bara að klæða sig eftir aðstæðum. Góður grillmatur gerir eitthvað svo mikið fyrir sálina.“ Jói segir að það fari eftir skapinu hvað honum finnst skemmtilegast að grilla hverju sinni og hvað hann langar í. „Við grillum sennilega mest lamba-kjöt og kjúkling. Þá byrjum við oft á því að grilla pylsur, undir því yfirsikni að þær séu fyrir börnin, það er flottur og góður forréttur á grillið. Eins er mjög gaman að grilla risarækjur í sama tilgangi. Svo eru hamborgarar alltaf klassískir á grillið. Ætli mér finnst samt ekki skemmtilegast að grilla lamba-prime, það er svo rosalega gott líka. Í fyrra eignaðist ég svo drauma-grillið, þegar Kiddý, stelpurnar mínar og fjölskyldur gáfu mér Kamado-grill í afmælisgjöf. Þetta er einfaldlega langbesta grill sem ég hef átt, það er bara þannig.“

Tvö töfratrix lykilatriðið
Hvað eru helstu töfratrixin þegar hamborgari er grillaður?
„Það eru tvö trix sem eru lykilatriði áður en þú byrjar, gott kjöt og góð kol. Þegar ég grilla ham-borgara, vil ég helst hafa góðan hita á grillinu og grilla borgarann í um það bil þrjár til fjórar mínútur á hlið. Það fer þó auðvitað eftir þykkt borgarans. Ég krydda alltaf eftir á, því ég vil ekki að salti dragi vökvann úr kjötinu á meðan ég er að grilla. Já, og alls ekki þrýsta ofan á borgarann með steikarspaðanum ALDREI, það pressar bara safann



Jói og Kiddý sitja til hægri á myndinni en gestir þeirra eru Carola Ida Köhler og Jón Viðar Guðjónsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN



úr borgaranum. Svo er lykilatriði að hvíla kjötið aðeins á fati, áður en borgarinn er settur saman. Alveg nákvæmlega eins og maður gerir með góða steik.“

Aðalatriðið þegar steikja á ham-borgara er að kaupa gott kjöt. „Ég vil helst hafa að minnsta kosti 20% fituinnihald í kjötinu. Það bindur kjötið betur saman og gerir borgarann líka miklu bragðmeiri og bragðbetri.“

Kartöflur eða grasker
Þegar kemur að því að velja með-læti með grilluðum sælkeraham-borgara hvað finnst þér best?

„Stundum vil ég bara hafa þetta klassíska og enga stæla, svo koma tímar þar sem mig langar að gera eitthvað skemmtilegt. Ég vil samt helst alltaf hafa einhvers konar salat með, það er svolítið mikið sumar í því. Sveppir og laukur eru nánast ómissandi, þó ég bregði nú stundum út af þeim vana. Loks þarf að hafa með kartöflur eða grasker í einhverri útgáfu.“

Hér ljóstrar Jói upp uppskriftinni af sínum uppáhalds sælkerahamborgara sem hann grillaði í þættinum Matur og heimili ásamt meðlætinu. „Ef borgarinn er rétt steiktur verður hann mjög sfa-

rikur og bragðgóður og því í raun algjör óþarfi að setja á hann mikla dressingu. Í þessu tilfelli notaði ég smá trufflukrem og svo bara beikonsultuna, það þarf ekkert meira.“

Bötlers-borgarinn Fyrir 4

- 4 stk. Smash hamborgarar 140 g frá Ferskum kjötvörum (fást í Bónus)
- 4 stk. kartöfluhamborgarabrauð eða hamborgarabrauð með sesamfræjum frá Bónus
- trufflukrem (fæst í Hagkaup)
- fallegt salatblað frá Lambhaga (fæst í Bónus)
- grilluð eplasneið (honey crunch, fæst í Bónus)
- beikonsulta
- andalifur eða andalifrarkæfa
- að endingu raspa svarta trufflu yfir herlegheitin

Beikonsulta að hætti Bötlersins

- 400 g beikonkurli
- 1 meðalstór laukur, saxaður
- 4 stk. shallotlaukar, saxaðir
- 2 stk. hvítlaugsgeirar, saxaðir
- 100 g púðursykur
- 200 g hlýnsiróp
- 80 g eplaedik
- 1 tsk. chili duft
- nokkrar niðursoðnar fikjur eða döðlur (ef það er gert er gott að minnka aðeins sirópið á móti)

Byrjið á því að steikja beikonið á rúmlega miðlungshita, þar til það er orðið gyllt og stökkt og færið það yfir á eldhúspappír. Ef það er mikil fita eftir á pönnunni er gott



Pessi máltíð lítur afskaplega vel út svo ekki sé meira sagt.

að skilja eftir u.þ.b. eina matskeið. Lækkið aðeins hitann undir pönnunni og setjið svo lauk og shallotlauk á pönnuna. Leyfið lauknum að karameliserast á pönnunni og hrærið oft í, tekur 10-15 mínútur. Bætið hvítlauknum, púðursykrinum, hlýnsirópinu, eplaedikinu og chili duftinu út í og þar næst beikoninu. Það má gjarnan sjóða í blöndunni og lækkið svo hitann. Sjóðið vökvann töluvert niður, þar til hann er orðinn þykkur og sultukenndur, í 7 til 10 mínútur. Beikonsultuna er hægt að setja í krukkur og nota við hin ýmsu tækifæri, en gott er að biða þar til sultan hefur kólnað. Gott að bera fram með ostum og kexi, og svo er þetta auðvitað fullkomið með hamborgunum.

Volgt graskerssalat

Grasker skorið í teninga og steikt á pönnu við frekar lágan hita í u.þ.b. 10 mínútur upp úr Olío Nitti ólífuuolíu. Passið að steikja það ekki of lengi, það er best að hafa smá bit í graskerinu. Bæta 2 söxuðum hvítlaugsgeirum við og salta og pipra eftir smekk. Láta kólna aðeins í skál í 10 mínútur eða svo. Blandið saman spínati eða spínatkáli og graskerinu. Setjið í skál eða á disk, og setjið skorin jarðarber, ristaðar furuhnetur og fetaost yfir. Að endingu salta og pipra og hella góðum slurk af Olío Nitti yfir. Þetta má líka gera við sætar kartöflur eða jafnvel bara venjulegar. Mjög gott að setja steikt beikon eða steikta parmaskinku í þetta salat, ef maður er ekki með beikonsultuna og jafnvel saxaðar döðlur eða fikjur. ■

SUNDLAUGAR OG JARÐBÖÐ

Miðvikudaginn 9. júní kemur út sérblað um sundlaugar og jarðböð.

Nú er komið sumar og sólin farin að leika við okkur og sumarfríin á næsta leiti og því fer fólk að spá í sundlaugarnar sem verða á vegi þeirra á ferð um landið.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir :

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is



Bílar & Farartæki

Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ
GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og ég hringi til baka

Bátar

VEIDIPORTID
Grandagarður 3 • Sími: 552-9940

270cm	119.000.kr
300cm	149.000.kr
330cm	189.000.kr
360cm	225.000.kr



Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178,
105 Reykjavík S. 4900095 / info@
accountant.is | www.accountant.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum í
sumar, öll almenn málningarvinna
og sprunguviðgerðir. Fáðu frítt
verðtilboð. GH málari lögg. málalarar
s. 847 2024 geir7@yahoo.com

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta. Málum
hverskonar mannvirki innan sem
utan. Vönduð vinna unnin af
fagmönnum. Nánari upplýsingar
891 9890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum
innan og utanhús. Vönduð
vinnubrögð og góð umgengni.
Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf.
Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikael S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsaviðhald

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsaviðgerðir,
Pakmálning, Málning o.m.fl.
runarmur@gmail.com S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

STARFSMENN
til fjölbreyttra
starfa um lengri
eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannþjónusta

551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

**Hljómborð
á tilboði**



Mikið úrval
Verð við allra hæfi

NORMX

Vá hvað mig
langar í
heitan pott!

Hvernig væri að láta drauminn um heitan pott rætast?
Okkar vinsælustu pottar til á lager!

					
Sigurlaug 124.500 kr.	Gvendarlaug 177.000 kr.	Grettislaug 239.000 kr.	Geirslaug 257.000 kr.	Unnarlaug 285.000 kr.	Snorrulaug 278.000 kr.

NormX Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

retigo[®]
VISION

**Yfir 500 Retigo ofnar
seldir í íslensk
atvinnueldhús**

Allt hjá okkur

**5 ára
ábyrgð**

ORANGE Vision **BLUE Vision**

Ný kynslóð
Retigo ofna: **Vision Generation II**
Kynntu þér betur ofnana í
Sýningarsal okkar að Draghálsi 4



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

TAKTÍK 5126 #

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!
Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is
Ópið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á [frettabladid.is](#)

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum
og mannauðsráðgjöf. Við komum
til móts við þarfir fyrirtækja og
sérsníðum lausnir sem henta
hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og
Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipu-
lagsáætlana :

1. Endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundum sínum þann 17. mars og 19. maí 2021 að kynna tillögu heildar endurskoðunar aðal-
skipulags Ásahrepps 2020-2032. Framlögð gögn til kynningar er greinargerð aðalskipulags, forsendu- og umhverfisskýrsla,
sveitarfélagsuppdráttur, uppdráttur af Holtamannaafrétti og skýrsla er varðar stöðu og tækifæri ferðaþjónustu í Ásahreppi.

2. Sogsvirkjanir H20 og H22 – Breytt landnotkun – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreyting-
ar sem tekur til Sogsvirkjana. Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 falla stöðvarnar þrjár og háspennulína
í tengslum við virkjanir undir landnotkun iðnaðarsvæðis. Í aðalskipulagsbreytingunni er reiknað með að svo verði áfram og þar
verði einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanasvæðum, íbúðasvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæði og svæðum á nátt-
úruminjaskrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá
núverandi aðalskipulagi þar sem um er að ræða í meginatriðum nánari og nákvæmari útfærsla á því sem fyrir er á svæðunum.

3. Hraunhólar L166567, íbúða- og frístundabyggð – Stækkun svæðis og fjölgun lóða – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar
sem tekur til Hraunhóla L166567 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í breytingunni felst að skilgreint er nýtt íbúðasvæði sem verður
um 12 ha fyrir 8 lóðir auk þess sem frístundasvæði F42 stækkar sem nemur um 3 ha með möguleika á 4 lóðum til viðbótar.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana :

4. Borg í Grímsnesi – Land sveitarfélags norðan Biskupstungnabrautar – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. maí 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreyt-
ingar sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi.

5. Námur og efnislosunarsvæði við Þórisós – Ný svæði – Aðalskipulagsbreyting

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundum sínum þann 19. maí 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til
námu og efnislosunarsvæðis við Þórisós. Í breytingunni felst skilgreining á fjórum nýjum efnistökusvæðum og einu efnislos-
unarsvæði í nágrenni við Þórisós.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér tilkynnt um niðurstöðu sveitarstjórnar er varðar óverulega breytingu á
aðalskipulagi:

6. Flatir lóð 17, L193908 – Óveruleg breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2021 óverulega breytingu á aðalskipulagi
sveitarfélagsins. Í breytingunni felst að lóð sem áður var frístundalóð, en var færð undir landbúnaðarsvæði við heildar endur-
skoðun aðalskipulags, verði færð til baka undir frístundanotkun. Staðfesting Skipulagsstofnunnar er varðar málsmeðferð á
grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga liggur fyrir.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

7. Helgastaðir 1, L167105 – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. maí 2021 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til Helgastaða 1,
L167105. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda á fjórum byggingarreitum innan jarðarinnar þar sem gert er ráð
fyrir íbúðarhúsi, hesthúsi, reiðskemmu og skemmu/vélageymslu.

8. Sólheimar – Byggðahverfi 2020-2025 – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19.maí 2021 að auglýsa tillögu heildar endurskoð-
unar deiliskipulags að Sólheimum. Innan deiliskipulagsins eru m.a. skilgreindar lóðir og byggingarreitir auk byggingaskilmála.

9. Löngudælaholt frístundasvæði - Breyting og samræming deiliskipulags

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi
að Löngudælaholti. Markmið skipulagsbreytingarinnar er að skilgreina betur núverandi frístundabyggð út frá staðbetri
grunnögnum.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma
embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitar-
félaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.gogg.is/>, <https://www.asahreppur.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Aðalskipulagsbreytingar mál nr. 1, 2 og 3 eru í kynningu frá 2. júní 2021 til og með 25. júní 2021 og skulu athugasemdir og ábend-
ingar berast eigi síðar en 25. júní 2021.

Aðalskipulagsbreytingar í liðum 4 og 5 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 2. júní 2021 til og með 16. júlí 2021.

Deiliskipulagstillögur í liðum 7, 8 og 9 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 2. júní 2021 til og með 16. júlí 2021.

Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 16. júlí 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið
vigfus@utu.is

Vígús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR
hagvangur.is

Ársfundur UNICEF

Ársfundur UNICEF á Íslandi verður haldinn
fimmtudaginn 10. júní 2021 kl 10-11
í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna
að Laugavegi 77, 101 Reykjavík.

Kjartan Örn Ólafsson, formaður stjórnar UNICEF
á Íslandi, mun stýra fundinum sem verður opin
almenningi og fjölmiðlum.

Á fundinum mun framkvæmdastjóri UNICEF á
Íslandi, Birna Þórarinsdóttir, kynna helstu niður-
stöður í starfi landsnefndarinnar árið 2020.

Hiðlökkum til að sjá þig!

unicef
fyrir öll börn

ÚTSALA

35-70% AFSLÁTTUR

AF ÚTSÖLUVÖRUM



50-70% afsláttur af völdum vörum í verslun og á **www.hirzlan.is**



RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opinn mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.



FRÉTTABLAÐIÐ IS

Elskarðu að hangsa?

fatboy®

**Fatboy hengirúmin eru
fullkominn staður til þess
að hanga á og hvílast.**

Hvort sem er inni eða úti, heima eða uppi í bústað,
Heademock hengirúmið frá Fatboy elskar að
hangsa með þér.

Verð 84.900 kr.

Fatboy | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588 1955 | sekkur.is

Eins og Biblía sellóleikarans



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Geirprúður Anna Guðmunds-dóttir sellóleikari leikur allar sex einleikssellósvítur Johanns Sebastians Bach á tónleikaferðalagi um landið nú í sumar.

Fyrstu tónleikar Geirprúðar Önnu verða 8. júní kl. 20 hjá Kalman listafélaginu í Vinaminni á Akra-nesi. Þar næst leikur hún í Hömrum í Tónlistarskóla Ísafjarðar 10. júní kl. 20, á Klassík í Bergi í Menningar-húsinu Bergi á Dalvík 13. júní kl. 16, í Hofi á Akureyri 14. júní kl. 20 og í Gamla kaupfélaginu á Breiðdals-vík 17. júní kl. 17. Lokatónleikarnir verða í Norðurljósum í Hörpu 10. og 11. júlí kl. 16.

Verið aðal verkefnið
Um einleikssellósvítur Bachs segir Geirprúður: „Ég lærði fyrstu selló-svítu Bachs þegar ég var tíu eða ell-efu ára og svo bætti ég hinum við í náminu. Ég útskrifaðist síðastliðið vor úr mastersnámi frá Juilliard og vantaði eitthvað að gera. Ég ákvað að nú væri tækifæri til að æfa allar svíturnar í heild. Þetta hefur verið aðalverkefni mitt síðustu mánuði og ég þreystir aldrei á að spila þær, enda er það mjög gefandi.“

Fann hljóðfærið sitt
Svíturnar eru samtals um tveir klukkutímar í flutningi. „Þær eru eins og Biblía sellóleikarans. Hver svíta er í mismunandi tóntegund

og hefur sinn brag og karakter. Fyrsta svítan er einföld og opin og svo verða þær flóknari og stærri í forminu. Önnur svítan er innhverf, sú þriðja opinská, fjórða er spá-mannleg, hin fimmta er dramatísk og síðasta svítan er voldug og sigur-glöð. Þannig að tónlistin er ferðalag, bæði fyrir flytjandann og áheyr-endur,“ segir Geirprúður.

Hún byrjaði að læra á selló ein-ungis fimm ára gömul. „Foreldrar mínir völdu fiðluna fyrir okkur systkinin en svo sá ég selló og sagði: Þetta er hljóðfærið mitt! Frá sex ára aldri var ég svo heppin að fá að læra hjá frænda mínum Gunnari Kvaran. Hann hvatti mig og hélt mér við efnið og kveikti líka hjá mér ástriðu á hljóðfærinu.“

Krefjandi nám í Juilliard
Geirprúður er nýútskrifuð úr námi frá hinum virta Juilliard skóla í New York. „Fyrst fór ég til Chicago þar sem ég hafði frábæran kenn-ara og síðan tók við meistaranám í Juilliard, þau ár voru krefjandi og ég lærði mjög mikið.“

Á næsta ári stefnir Geirprúður á frekara sellónám í London en hún er einnig meðlimur í nýstofnuðum strengjakvartett í New York. Um tímann fram undan segir hún: „Þessa dagana þarf maður að skapa sín eigin verkefni og sýna frumkvæði og hug-vit. Ég er fremur vongóð um að ég fái næg tækifæri,“ segir Geirprúður Anna Guðmundsdóttir. ■



Geirprúður Anna ferðast um landið og leikur Bach. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þannig að tónlistin er ferðalag, bæði fyrir flytjandann og áheyr-endur.

Manic Panic
hárlitirnir fást
hjá okkur
sendum um allt land

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Útskriftar-tilboð

ÍSLENSK HÖNNUN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Málþing um handritin

kolbrunb@frettabladid.is

Handritamálið nýja, málþing Sagnfræðingafélags Íslands, verður haldið í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík fimmtu-daginn 3. júní klukkan 17.00.

Á málþingi Sagnfræðingafélags Íslands ræða fimm fræðimenn um handritakröfur fyrr og nú, vörslu handritanna og aðgengi að þeim og hin ýmsu álítaefni sem að handrit-unum snúa. Menntamálaráðherra flytur ávarp. Að því loknu taka þau öll þátt í pallborðsumræðum. ■

»

Á málþingi Sagnfræðingafélags Íslands ræða fimm fræðimenn um handrita-kröfur fyrr og nú.

Guðrún Nordal talar á málþingi um handritin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Erindi halda:

- Bragi Þorgrímur Ólafsson fagstjóri handritasafns Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns.
- Gottskálk Jensson rannsóknardósent við Kaupmannahafnarháskóla, gestaprófessor við HÍ.
- Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra.
- Már Jónsson prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.
- Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóð-skjalasafns Íslands.

Elena og Pétur í Hörpu

kolbrunb@frettabladid.is

Ítalski píanóleikarinn Elena Post-umi og fiðluleikarinn Pétur Björns-son halda sína fyrstu dúótónleika á Íslandi í Norðurljósasal Hörpu sunnudaginn 6. júní kl 16.00. Á efnisskránni verða verk eftir Richard Strauss, Claude Debussy, John Cage og Anton Webern ásamt frumflutningi á verki eftir Elenu en fiðlukons-ert hennar var frumfluttur á Íslandi af Pétri og Ungfóníu árið 2019. Elena og Pétur eru búsett í Leipzig og í Darmstadt í Þýskalandi en Elena starfar við Staatstheater Darmstadt, en þau stunduðu saman nám við Tónlistarháskólann í Leipzig. ■

Pétur og Elena halda tónleika í Hörpu. MYND/ADSEND

EM FÓTBOLTAFJÖR ORMSSON



KÍKTU Á ÚRVALIÐ
ORMSSON.IS

65" QLED Q77T
KR. 179.900,-

40.000 kr
AFSLÁTTUR



75" QLED Q80T

Á EM TILBOÐI

KR. 349.900,-



75" UHD 2000PQI

Á EM TILBOÐI

KR. 199.900,-



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Lokað um helgar

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skóðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300



AÐALFUNDUR

Landssambands sumarhúsaeigenda

Verður haldinn, fimmtudaginn 3. júní í SÍBS-
húsinu, Síðumúla 6 , Reykjavík kl. 18:00

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.
Á fundinum verður fylgt tilmælum um sóttvarnir.
Stjórnin.

DORMA

Láttu drauminn rætast



Sealy SEATTLE

heilsurúm með classic botni

SUMAR
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR



Vönduð og góð, millistífl
heilsudýna með pokagormum
sem gefa
fullkominn
stuðning. Hún
er svæðaskipt
og því mýkri á
okkar þyngstu
stöðum eins
og öxlum og
mjöðmum. Náttúru-
legt Talalay latexí í bland við
mismunandi svamptegundir gefur
henni gott loftflæði..



Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

Sealy Seattle með Classic botni og löppum

Stærð í cm	Fullt verð	Sumartilboð
Sealy Seattle 90x200	114.900 kr.	91.920 kr.
Sealy Seattle 120x200	150.900 kr.	120.720 kr.
Sealy Seattle 140x200	164.900 kr.	131.920 kr.
Sealy Seattle 160x200	179.900 kr.	143.920 kr.
Sealy Seattle 180x200	194.900 kr.	155.920 kr.
Sealy Seattle 200x200	234.900 kr.	187.920 kr.

ÞÚ FINNUR SUMARTILBOÐ DORMA OG NÝJAN BÆKLING Á DORMA.IS



www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn rætast

DAGSKRÁ

2. júní 2021 MIÐVIKUDAGUR

Miðvikudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00- Lífið í sjónum Þættir um framkvæmd heimsmarkmiða um lífið í sjónum.
19.30 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
20.00 Saga og samfélag Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Lífið í sjónum (e) Þættir um framkvæmd heimsmarkmiða um lífið í sjónum.
21.30 Markaðurinn (e) Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
22.00 Saga og samfélag (e) Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Gönguleiðir
11.55 Toppstöðin
13.00 Rabbabari
13.15 Kaf
14.25 Linudans
15.30 Kæra dagbók
16.00 Eldað úr afskurði
16.30 Saman að eilífu
17.05 Á vit draumanna
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Kúlugúbbarnir
18.24 Hæ Sámur
18.31 Klingjur
18.42 Minnsti maður í heimi
18.45 Gert við gömul hús
18.54 Vikiinglottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Þeirra Ísland
20.30 Áin - Ættbálkurinn á bakkanum
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Erilsömustu borgir heims Heimildarþættir frá BBC um falin kerfi og falda starfsemi sem heldur stærstu borgum heims gangandi. Sjónvarpsfólkið Dan Snow, Anita Rani og Ade Adepitan gægjast á bak við tjöldin og varpa ljósi á fólkið sem stjórna stærstu borgum heimsins. Í þessari þáttaröð heimsækja þau Delhi.
23.15 Simon vill ráða dauðdaga sínum
00.40 Dagskrárlök

Sjónvarp Símans

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.06 The Late Late Show with James Corden
13.46 The Block
14.42 Life Unexpected
15.23 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show with James Corden
19.05 The Block
20.10 Trúnó Viðtalsþáttur þar sem rætt er við íslenska tónlistarmenn um lífið og listina. Nánir samstarfsmenn og vinir koma fram í þáttunum og varpa ljósi á hliðar í þeirra fari sem ekki hafa verið dregnar fram áður.
20.45 Normal People
21.20 Chicago Med
22.10 Queen of the South
22.55 The Late Late Show with James Corden
23.40 Love Island
00.35 Ray Donovan
01.25 Jarðarförin mín
01.55 Venjulegt fólk
02.25 Stella Blómkvist
03.10 Manhunt: Deadly Games
03.55 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegð
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegð
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Þá tekur tónlistin við
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú!
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan: Njáls saga
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlarp Rásar 1

Stöð 2 Bío

11.45 Love Exclusivly
13.15 Britt-Marie Was Here
14.45 Austin Powers in Gold-member
16.20 Love Exclusivly
17.50 Britt-Marie Was Here
19.25 Austin Powers in Gold-member
21.00 Tag
22.35 Prometheus
00.35 White Boy Rick
02.25 Tag

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Hið blómlega bú
10.40 MasterChef Junior
11.20 Lóa Pind: Battlað í borginni
11.55 Trans börn
12.35 Nágrannar
12.55 Friends
13.15 Friends
13.40 The Office
14.00 Bomban
14.45 Grand Designs: Australia
15.40 Temptation Island USA
16.20 Flúr & fólk
16.50 Á uppleið
17.05 Fréttarþáttur EM 2020
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkin
18.55 Ísland í dag
19.05 Vikiingalottó
19.10 Skreytum hús
19.20 Golfarinn
19.55 First Dates
20.45 Grey's Anatomy
21.35 Coroner Leyndardómsfullir sakamálaþættir frá 2019 sem byggðir eru á vinsælum bókaflokki. Jenny Cooper er nýtekin við starfi dánardómstjóra í Toronto, þar sem hún rannsakar röð dularfullra andláta. Áhugi hennar á dauðanum er allt að því óheilbrigður en sjálf hefur hún sína djöfla að draga.
22.20 The Gloaming Dramatískir glæpaþættir frá 2020 sem fá hárin til að risa. Þegar óþekkt kona finnst hrottalega myrt eru rannsóknarlögreglumennirnir Molly McGee og Alex O'Connell sett í að leysa málið. En þau eiga sér átakanlega fortíð.
23.10 Sex and the City
23.45 The Blacklist
00.30 NCIS: New Orleans
01.15 NCIS
02.00 Animal Kingdom
02.45 Grey's Anatomy
03.25 The O.C.

Stöð 2 Sport

08.00 Seinni bylgjan - karla
09.00 Dominos Kórfuboltakvöld
09.30 Valur - Breiðablik
11.15 KR - ÍA
13.00 Dregið í Mjólkurbíkar kvenna
13.10 Haukar - Valur
14.35 Ólafur Stefánsson
15.10 Keflavík - KR
16.50 KA - Valur
18.15 Stjarnan - Selfoss
19.45 Dominos Kórfuboltakvöld kvenna - Upphitun
20.10 Valur - Haukar
22.00 Dominos Kórfuboltakvöld kvenna
22.30 KA/Þór - Valur
23.55 KA - Valur

Stöð 2 Sport 2

07.05 Villarreal - Manchester United
09.40 Real Madrid - Gran Canaria
11.15 Valencia - Baskonia
12.50 Serie A End of Season Review
13.35 EM 1996
15.25 Blackpool - Lincoln City
16.10 EM 2016
17.05 Pólland - Rússland
18.50 England - Austurríki
20.55 Real Madrid - Gran Canaria
22.30 Baskonia - Valencia



GOLFARINN



HEFST Í KVÖLD

Golfarinn


Hlynur Sigurðsson, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Birgir Leifur Hafþórsson munu sem fyrr sýna ykkur allt það skemmtilegasta sem golf hefur upp á að bjóða.

 +  = **7.990 kr./mán.**
Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**



The Practice Performed er dansverk eftir Steinunni Ketilsdóttur sem skapað er í rauntíma.



Júlíudúettinn verður frumfluttur af höfundum verksins, Ernu Ómarsdóttur og Höllu Ólafsdóttur, á föstudaginn. Um er að ræða dansverk sem er enn þá í vinnslu og er innblásið af hinum klassíska ballett Rómeó og Júlíu eftir Prokofiev.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Dansinum gert hátt undir höfði á Vorblóti

Vorblót er samstarf Tjarnarbiós og Reykjavík Dance Festival. Hátíðin hefst á morgun. Hjónin Brogan Davison og Pétur Ármannsson eru listrænir stjórnendur hátíðarinnar. Plötusnúðurinn Ívar Pétur Kjartansson mun spila á reifi fyrir börn á laugardaginn.

steingerdur@frettabladid.is

Á morgun hefst Vorblót, sem er sameiginleg hátíð Tjarnarbiós og Reykjavík Dance Festival. Hjónin Brogan

Davison og Pétur Ármannsson eru nýir listrænir stjórnendur hátíðarinnar ár og lögðu áherslu á virkilega fjölbreytta og veglega dagskrá. Þau mynda saman sviðslistahópinn Dance for me og hafa bæði mikla ástriðu fyrir dans- og listasenum hérlandis.

Þau segjast einstaklega spennt og telja það mikinn heiður að fá að takast á við það stóra verkefni að leiða hátíðina. Þau vilja færa dansinn til fólksins og segjast hlakka til að vinna út frá því markmiði á næstu árum. Vorblót stendur út sunnudag. ■



Brogan og Pétur hafa skapað fjölbreytt sviðslistaverk sem dansa á mörkum danslistar, heimildaleikhúss og uppistands og hafa verk þeirra farið fram á sviði og í heimahúsum.

MYND/SIGURÐUR ÞÓR ÓSKARSSON

Miklu skemmtilegra að þeyta skifum fyrir börn

Ívar Pétur Kjartansson mun þeyta skifum á svokölluðu barna-reifi, eða Baby reif, sem boðið verður upp á á hátíðinni á laugardaginn.

„Ég var beðinn um að gera þetta, sem er mjög gaman. Ég hef tekið þátt í Reykjavík Dance Festival áður og þekki þau Brogan og Pétur sem eru listrænir stjórnendur hátíðarinnar. Þau eru nýbakaðir foreldrar og ég er foreldri til nokkurra ára. Þá oft breytast aðeins áherslurnar í lífinu. Reifin færast þá kannski meira úr full-orðins-reifum yfir í barna-reif,“ útskýrir Ívar Pétur og hlær.

Ófeimin á dansgólfinu

Ívar Pétur hefur áður tekið sett sérstaklega fyrir börn, og segir það vera alveg sérstaklega gaman.

„Ég spilaði fyrir leikskóla sonar mín og það var bara brjálað gígg. Pétur og Brogan fréttu einhvern veginn af því og vildu leyfa fjölskyldunni og krökkum að njóta hátíðarinnar saman.“

Upplifir þú að börn séu mögulega móttækilegri við tónlistinni, sleppi sér frekar í dansinum?

„Alveg klárlega. Það er miklu skemmtilegra að spila fyrir börn heldur en fullorðna, að öllu leyti. Þau eru opnari fyrir alls konar tónlist, sleppa sér um leið og dansa eins og brjálæðingar,“ segir Ívar Pétur og hlær. „Það sem kom mér samt á óvart er að þau hika ekkert við að biðja um óskalög og ónáða DJ-inn, eitthvað sem ég hélt að gerðist bara á skemmtistöðum eftir miðnætti.“

Hann segir að á sama tíma og þau séu opin fyrir ólíkri tónlist þá sé þau einnig mjög kröfuhörð. Ívar Pétur mun fara um víðan völl í tónlistarvali sínu á reifinu.

„Þetta verður blanda. Þú getur til dæmis alveg bókað það að lagið hans Daða mun verða spilað. Það er alveg pottþétt. Svo verða líka einhverjir klassískir „næntis“ smellir teknir. Það er svo mikið af danstónlist sem er lifleg og fjörug. Þau þekkja síðan margt af þessu eldra, þau hafa þetta heima hjá sér eða jafnvel í bíómyndum. Þannig að þetta verður góð blanda af danstónlist og öðru sem höfðar til barnanna,“ segir hann.

Gaman að dansa með börnum
Þetta er því kjörið tækifæri til að



Ívar Pétur Kjartansson er meðal vinsælustu plötusnúða landsins. Hann segir barnareifið fullkomna skemmtun fyrir fjölskylduna.

Það er miklu skemmtilegra að spila fyrir börn heldur en fullorðna, að öllu leyti. Þau eru opnari fyrir allskonar tónlist, sleppa sér um leið og dansa eins og brjálæðingar

kynna börnin fyrir mismunandi tónlist og gefa þeim tækifæri til að dansa af lífi og sál.

„Þetta er góð leið til að skemmta sér saman, þetta er eitthvað sem ég, Pétur, Brogan og fullt af öðrum foreldrum áttum okkur á. Við það að eignast börn þá minnkar tíminn sem maður hefur aflögu til að dansa á nóttunni en mann hættir ekki að langa að dansa, þá er bara gaman að geta gert það með börnunum sínum. Það er eiginlega miklu skemmtilegra í alla staði og manni líður betur á líkama og sál.“

Baby reif fer fram á Dansverkstæðinu klukkan 13.00 á laugardaginn. Aðgangur er ókeypis en þó verður að panta miða á tix. is. ■



KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS  BÍÓ

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

SAMBIÓN  EGILSHÖLL

ÁLFABAKKI  SAMBIÓN

BORGAR  BÍÓ

AKUREYRI  SAMBIÓN

Viti amiinu varpar nýju leiðarljósi

Kvartettinn amiina rýfur tæplega fimm ára útgáfuhlé síðar í þessum mánuði með þröngskífunni Pharology. Eins og titillinn gefur til kynna sækja nýju lögin innblástur upp í vita þaðan sem hljómsveitin varpar ákveðnu leiðarljósi með smáskífunni Beacon á föstudaginn.

thorarinn@frettabladid.is

Tæp fimm ár eru síðan hljómsveitin amiina sendi síðast frá sér plötu. Fjórmenningarnir í sveitinni hafa þó nýtt heimsfaraldurinn og dimman vetur til tónlistarsköpunar. Afraksturinn hefur verið þrykkur á vínýl og fær að njóta sín á þröngskífunni Pharology sem kemur út 26. júní.

Tónninn fyrir það sem koma skal verður hins vegar gefinn strax á föstudaginn með smáskífunni Beacon.

„Við erum öll, hvert um sig, náttúrulega starfandi í öðrum verkefnum en við höfum alltaf haldið amiinu lifandi,“ segir raftónlistarmaðurinn Guðmundur Vignir Karlsson, sennilega þekktari sem Kippi Kaninus, þegar hann er spurður hvort þau í amiinu hafi setið auðum höndum á síðustu árum.

„Þótt við höfum ekki gefið út þá höfum við verið dugleg að spila út um allar trissur en þetta er fyrsta útgáfan í allan þennan tíma.“

Óbeisluð amiina

„Þelið hjá okkur er alltaf mjög gott,“ segir Guðmundur Vignir um andann í hópnum við gerð Pharology. „Og við værum ekki að þessu ef við næðum ekki vel saman tónlistarlega og það hentar að við brennum öll fyrir að gera músík. Þessi vettvangur er líka svo skemmtilega opinn að það er svona pláss fyrir breiðari hugmyndir. Þetta er kannski ekki niðurnjörvað í einhverjar tónlistartegundir þannig að við getum meira leyft okkur að tilraunast innan samhengis amiinu.“

Hljómsveitin amiina var strengjarkvartett þegar þær Hildur Ársælsdóttir, Edda Rún Ólafsdóttir, María Huld Markan Sigfúsdóttir og Sólrún Sumarliðadóttir stofnuðu hana seint á síðustu öld en 2009 bættust slagverksleikarinn Magnús Trygvason Eliassen og Kippi Kaninus í hópinn. Sveitin varð síðan kvartett aftur 2013 þegar Edda og Hildur sögðu skilið við amiinu.

Plötur amiinu

- Breiðskífur (LP)**
Kurr (2007)
Puzzle (2010)
Fantômas (2016)
- Þröngskífur (EP)**
AnimaminA (2005)
Re Minore (2009)
The Lighthouse Project (2013)
Pharology (2021)

Aftur í vitann

Guðmundur Vignir segir að í raun megi rekja lögin á nýju plötunni til ársins 2019 þegar amiina var fengin til þess að taka þátt í tvíæringi í Danmörku. „Við gerðum innsetningu í vita í Gilleleje, afskaplega fallegu og skemmtilega litlu þorpi, í Danmörku. Þar gerðum við innsetningu með hátalara á hverri einustu hæð í þessum Nakkehoved-vita í Gilleleje og allt sem við sömdum fyrir þennan tvíæring var vísir að þessari plötu.“

Vitinn, eða vitar almennt, eru enda einhvers konar merkingarmiðja plötunnar eins og nöfn laganna bera með sér. „Titill plötunnar, Pharology, myndi útleggjast sem vitafræði,“ segir Guðmundur Vignir.

„Þetta er nú ekki eiginleg fræðigrein per se. Þetta er svona samheiti yfir áhugann á vitum í rauninni. Þetta eru þrjú lög og titlarnir eru allir teknir úr þessum vitafræðum,“ segir Guðmundur og beinir sjónum að smáskífu föstudagsins. „Beacon myndi þá útleggjast sem einhvers konar leiðarljós á íslensku og við tengjum við vita og þarfnast ekkert frekari útskýringa.“


Kvikmyndaljód

Laginu Beacon fylgir tónlistarmyndband sem verður frumsýnt samhliða útgáfunni á föstudaginn. „Við fengum hann Heimi Frey Hlökkversson til að vinna myndbandið fyrir okkur,“ segir Guðmundur og veltir fyrir sér hvort Heimi Frey sé betur lýst sem vídeólistamanni eða kvikmyndalistamanni.

„Við fengum hann upphaflega til að gera videó við þessa smáskífu en við vorum svo rosalega hrifin af því sem hann var að gera að við enduðum með að fá hann til að gera kvikmyndaverk við alla plötuna. Við getum sagt að þetta sé einhvers konar kvikmyndaljód við alla plötuna.“



Lögin þrjú á væntanlegri EP-plötu amiinu, fyrstu útgáfu þeirra í á fimmta ár, hverfast um vitafræði sem hafa verið fjórmenningunum hugleikin. MYND/JULIETTE ROWLAND



Heimir Freyr myndar alls konar efni; matarlit, salt eða sýrur mjög þröngt í baklýstum skálum þannig að kosmiskir kraftar losna úr læðingi. SKJÁSKOT/HEIMIR FREYR

Beacon myndi þá útleggjast sem einhvers konar leiðarljós á íslensku og við tengjum við vita og þarfnast ekkert frekari útskýringa.

Verkið verður sýnt í Bíó Paradís laugardaginn 19. júní og viku síðar kemur svo sjálf platan út. „Þetta verður á risaskjáum í bestu mögulegu gæðum og verður svona smá ferðalag,“ segir Guðmundur og auðheyrt að hann er ekki síður spenntur fyrir frumsýningu myndbandsins en útgáfu Pharology.

Glimrandi byrjun

„Þetta eru eitthvað um átján mínútur af tónlist. Platan er tíu tommu vínýll sem er búin að pressa og opin forsale er byrjuð á Bandcamp.com sem er svona vinur litla mannsins.“

Dyggustu aðdáendur okkar, sem vilja fylgjast náið með okkur, fengu smá forskot og fengu að kaupa áður en forsalan byrjaði,“ segir Guðmundur um þau heppnu sem áttu þess kost að tryggja sér plötuna strax á póstlista sveitarinnar.

„Þetta hefur bara farið alveg glimrandi vel af stað,“ segir hann um viðbrögðin aðdáenda sem hafa ekki látið á sér standa.

Útgáfunni verður síðan fylgt eftir fram eftir sumri en frumsýning kvikmyndaverksins 19. júní verður án efa einn hápunktanna. „Það verður frítt inn en væntanlega verða einhverjar fjöldatakmarkanir í Bíó Paradís þannig að það verður auglýst sérstaklega hvernig fólk getur tryggt sér miða þegar nær dregur.“

Við hlökkum bara mikið til að bjóða fólki í þetta ferðalag með okkur og leyfa þeim að njóta afrakstursins af þessu. Við erum mjög stolt af þessari útgáfu og ekki síst vídeóverkinu hans Heimis,“ segir Guðmundur og bætir við að tónlist og mynd tali þar ótrúlega vel saman. „Og við stöndum alveg á bak við þetta.“ ■

Í LOFTINU

VIRKA DAGA 06:50-10:00

989

SÆKTU NÝJA APPIÐ!

vfs.is

Milwaukee® HÁTÍÐIN

Í REYKJAVÍK 3.-5. JÚNÍ

ALVÖRU VERKFÆRI

Á ALVÖRU TILBOÐUM

KAUPAUKAR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**PEYSA eða
BOLUR**

Fylgja völdum
vörum meðan
birgðir endast!

DERHÚFA

Fylgir öllum
kaupum meðan
birgðir endast!



M12 FUEL
Borvél með
aukahlutum
og bakpoka

54.900 kr.
Áður 67.900 kr.



BÍLLINN

Í Reykjavík (Síðumúla 9)
Fimmtudag og föstudag kl. 9-17
og laugardag kl. 10-16

HAPPDRETTI

STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR!
Verslaðu Milwaukee vöru til 25. júní og þú ferð í pott.



M12 FUEL
Borvél og
höggskrúfvél

62.900 kr.
Áður 79.900 kr.



M18
Borvél 60Nm
með höggi

42.900 kr.
Áður 55.900 kr.



M18
Borvél og
höggskrúfvél

64.900 kr.
Áður 85.900 kr.



**Bitasett
- 40 stk -
og vinkildrif**

8.990 kr.
Áður 12.490 kr.

**TILBOÐS-
BÆKLINGUR**
Náðu þér eintak!

VERKFÆRA SALAN

Sjáðu öll
tilboðin á
vfs.is

Bakþankar

Árna
Helgasonar



Rafrænn trúno

Við færum alltaf stærri og stærri hluta af lífi okkar og samskiptum yfir á netið og samfélagsmiðla. Sú tilvera er ekki alltaf einföld og útheimtir að við séum í raun margar útgáfur af sjálfum okkur. Út á við erum við hnyttin og pólitísk á Twitter, hugsandi og dreymin á Instagram og óskum frænkum og frændum til hamingju með afmælið á Facebook.

Enn ein útgáfan af okkur er svo í lokuðu grúppunum og spjallforritunum þar sem við erum á einum allsherjar rafrænum trúno; slúðrum, tókum fólk fyrir og látum allt flakka. Þess vegna eru gagnalekar svo harðir hús-bóndar, þeir sýna ákveðna hlið á okkur sjálfum sem passar ekkert endilega við ímyndina út á við. Og það er sama hversu algengir þessir lekar eru, við virðumst aldrei gera ráð fyrir þeim.

Ég hef verið að reyna að hugsa þetta upp á nýtt og reyna að ímynda mér hvernig minn gagnaleki muni líta út. Eftir smá innri skoðun snýr ótti minn reyndar aðallega að því hversu ótrúlega óspennandi og miðaldra þetta líti út. Samtalsglugginn hjá mér og konunni minni er í raun áralangur, rúllandi to-do listi. Við skrifum ekki lengur setningar heldur bara praktísk stikkorð með spurningarmerki, t.d. „sækja?“ og „kvöldmatur?“. Í spjallgrúppunum þykist ég svo almennt vera sniðugri og vita meira um iðróttir og stjórnmál en innistæða er fyrir.

Ég er að velta því fyrir mér að færa öll mín samskipti aftur yfir á landlínuna. Þar getur maður raunverulega verið á innsögu án þess að rafrænt afrit verði til um aldur og ævi. ■

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!***

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Árna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram @66north